

SHAUÐOR  
skoðun 14



3 SÉRBLÖÐ  
í Fréttablaðinu  
Allt  
Fasteignir.is  
Híbýli og viðhald



Bæklingur  
Skífunnar  
fylgir blaðinu



# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

6. desember 2010  
286. tölublað 10. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI



## Undanfari Stuðmanna

Hljómsveitin Rífsberja stígur á svið á Café Rosenberg í kvöld.

tímamót 16

## Færir út kvíarnar

Guðmundur Jörundsson hannar bæði fyrir Kormák & Skjöld og GK.

fólk 22



## Einn dagur í EM

Íslenska kvennalandsliðið er komið til Danmerkur og spilar gegn Króatíu á morgun.

sport 26

## veðrið í dag



ÁFRAM KALT í dag verður hæg breytileg átt en strekkingur við SA-ströndina. Búast má við björtu veðri víðast hvar á landinu en norðaustanlands eru horfur á litlsháttar snjókomu eða éljum.

VEÐUR 4

# Kári vill að lögreglan kanni meintar iðnnjósnir Kínverja

Dómsmálaráðherra efast um að brugðist verði við vangaveltum bandaríska sendiráðsins um iðnnjósnir nema málið verði kært. Kári Stefánsson útilokar ekki að spyrja sendiráðið hvaða sannanir séu fyrir hendi.

**WIKILEAKS** „Ég hef engar aðrar vísendingar fengið um þetta, ekkert haldfast fengið í hendur,“ segir Ögmundur Jónasson dómsmálaráðherra.

Fram kom í Fréttablaðinu á laugardag að Kínverjar eru taldir stunda iðnnjósnir hér, einkum á sviði erfðavísinda og læknifræði. Ögmundur segist ekkert þekkja til njósna hér umfram það sem hann las í Fréttablaðinu um helgina og bætir við að um sé að ræða vangaveltur bandaríska sendiráðsins. Hann efast um að brugðist verði við nema málið verði kært. „Bandaríska sendiráðið er greinilega áhugasamt um margt stórt og smátt sem hér gerist, segir hann.

Kári Stefánsson, forstjóri og einn stofnenda Íslenskrar erfðagreina-

## Iðnnjósnir Kínverja

Upplýsingar um njósnir Kínverja hér koma fram í tveimur skýrslum sem bandaríska sendiráðið í Reykjavík sendi bandaríska utanríkisráðuneytinu í Washington í febrúar og á aðfangadag í fyrra. Iðnnjósnir Kínverja hér eru í þeim flokki skjala úr bandaríska sendiráðinu sem flokkast undir leyndarmál. Þrjár skýrslur til viðbótar frá sendiráðinu hér falla í sama flokk. Afrit af annarri skýrslunni voru send leynipjónustu Bandaríkjanna, CIA, bandarísku alríkislögreglunni, FBI, og leynipjónustu hersins, DIA.

ingar, segir að leitað hafi verið logandi ljósi að grunsamlegu útflæði á gögnum úr tölvukerfi fyrirtækisins. Engar vísendingar hafi komið fram sem bendi til stuldar á gögnum. Þrátt fyrir það verði haft samband við Ríkislögreglustjóra og embætti saksóknara til að leita ráða um hvað beri að gera í slíkum

tilvikum. Þá segir hann ástæðu til að leita til bandarískra yfirvalda og fá upplýsingar um það hvað búi að baki vangaveltum um iðnnjósnir.

„Við höfum ekki orðið vör við nokkurn skapaðan hlut sem bendir til þess að menn hafi verið að njósna um okkur,“ segir Kári. Fyrirtækið hefur keypt tölvuvarnir

af bandarísku öryggisfyrirtæki. Í athugunum fyrirtækisins á tölvukerfi ÍE hefur enginn misbrestur komið í ljós. Þvert á móti hafi netvarnir reynst býsna góðar, að sögn Kára.

„Það sem truflar mig svolítið er að það þarf í meira lagi kraftmikið myndunarafl til að láta sér detta í hug að það sé verið að njósna um erfðafræðirannsóknir á Íslandi ef ekkert er á bak við það,“ segir Kári.

Einn starfsmaður Íslenskrar erfðagreiningar er kínverskur, frá Hong Kong. Sá er yfirmaður tölfraðilegrar erfðafræði. Kári segir hann hafa búið hér í fjórtán ár, mikinn Íslandsvin sem líti á Ísland sem heimili sitt og fái heimþrá á ferðum sínum erlendis. - job / sjá síður 4 og 6



## SKRAFAD Á JÓLAMARKAÐI

Það var líf og fjör á jólamarkaði Skógrættarfélag Reykjavíkur við Elliðavatn í gær og þessar konur virtust hafa um nóg að spjalla. Fjöldi fólks kom á markaðinn um helgina og hlustaði meðal annars á upplestur úr jólabókum og tónlistaratriði. Markaðurinn verður opinn allar helgar til jóla.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Íslenskir prestar og hjónabandsráðgjafar sjá vandræði sem skapast af netnotkun:

## Facebook veldur vandræðum

**FÓLK** Facebook er farið að valda vandræðum í samböndum hjá íslenskum notendum samskiptasíðunnar. Þetta er í samræmi við bæði bandarískar og breskar kannanir en þær hafa leitt í ljós að fimmtung skilnaða þar megi rekja beint til Facebook.

Fjölskyldu- og hjónabandsráðgjafi segir óveðursskýin geta hrannast upp þegar gömlum kerustum er bætt á vinalista samskiptasíðunnar og séra Vigfús Árnason, prestur í Grafarvogskirkju, segir netið í heild hafa valdið því að slitnað hafi upp úr hjónaböndum, makinn hefur

kannski rekist á óvarlegar samræður á síðum eins og Facebook og það hafi verið dropinn sem fyllti mælinn. Skilnaðarlögfræðingur sem Fréttablaðið ræddi við hafði tekið að sér eitt mál þar sem Facebook var nefnt sem ein helsta orsök.

- fgg / sjá síðu 30



www.holta.is

22.00

Opið til 10 öll kvöld til jóla.


byggto**g**búið  
**TIGER**  
KRINGLUNNI

## Nítján ára piltur frá Úrúgvæ: Gert að fara frá fjölskyldu sinni

**SAMFÉLAGSMÁL** „Sonur minn þarf að yfirgefa landið fyrir áramót og við erum leið og hrygg vegna þess. Okkur finnst þetta ósanngjarnt,“ segir Julio Cesar Gutierrez, en nítján ára syni hans hefur verið neitað um landvistarleyfi hér á landi.

Julio er íslenskur ríkisborgari og hefur búið á Íslandi frá því að Daniel sonur hans var þriggja ára gamall. Þeir eru frá Úrúgvæ. Julio er kvæntur íslenskrri konu og saman eiga þau tvö börn. Daniel hefur dvalið hjá fjölskyldu sinni hér í eitt og hálf ár og hafði í hyggju að fá sér vinnu og jafnvel fara í skóla hér á landi. Þar sem Julio fór ekki með forsjá Daniels fær hann ekki að setjast hér að.

- jss / sjá síðu 12



Goran Superform  
brennsla | styrking | lífleiði | þyngdartap

Námskeiðin fara að hefjast. Þú getur byrjað strax í dag. Skráðu þig núna!

578 8200 | www.grandspa.is







Jól, er nýja platan bara eitt-hvert jarm?

„Nei, ég ber jarm mitt í hljóði.“

Saxófónleikarinn Jól Pálsson tileinkar íslensku sauðkindinni tvö lög á nýrri sólóplötu sinni, Horn. Jól rekur jafnframt fyrirtækið Farmers market sem vinnur með íslenska ull í fatnað.

Umferðaróhöpp vegna hálfu:

## Ók bifreið á ljósastaur en slapp ómeiddur

**LÖGREGLA** Árekstur varð á gatnamótum Miðhúsabrautar og Mýrarvegur á Akureyri í gærmorgun vegna hálfu. Engin meiðsl urðu á fólki en báðir bílarnir eru ónýtir.

Þá varð annað óhapp sem rekja má til hálkunnar í gær á Akureyri en ökuumaður missti stjórn á bíl sínum á Hlíðarbraut með þeim afleiðingum að hann lenti á ljósastaur. Ökuumaður slapp með skrekkin en bæði bíllinn og ljósastaurinn skemmdust mikið.

Á Sandsvegi við Húsavík missti ökuumaður stjórn á jeppa vegna hálfu. Bíllinn valt en engin slys urðu á fólki.

- rat

Tapaði skaðabótamáli:

## „Gíraffinn“ var ekki gallaður

**DÓMSMÁL** Húsgagnafyrirtæki hefur verið sýknað af rúmlega hálfkrónu skaðabótakröfu konu sem datt af kalli, svonefndum „gíraffa“, sem hún hafði keypt hjá fyrirtækinu. Konan steig upp á kollinn til að ná tilteknum húsbúnaði ofarlega í eldhússkáp. Hún sagði eina löppina hafa bognað við þetta þannig að hún hafi fallið í gólf. Við það úlnliðsbrotnaði hún og þurfti að vera í gífsspelku í sex vikur.

Að fengnu álitni verkfræðings á álagspoli „gíraffans“ taldi dómurinn ósannað að kollurinn hafi verið með galla sem leiða ætti til bótaskyldu fyrirtækisins.

- jss

### LÖGREGLUFRETTIR

#### Ógnaði fólki með hnífi

Lögreglan handtók mann í Hafnarfirði um helgina sem hafði ógnað fólki með hnífi. Maðurinn var færður í fangageymslu og yfirheyrður en ekki fengust frekari upplýsingar um málið.

Nýtt samkomulag og svar til Eftirlitsstofnunar EFTA tilbúið í meginatriðum:

## Ný Icesave-drög verið kynnt

**STJÓRNMÁL** Stjórnvöld eru í meginatriðum tilbúin með svar til Eftirlitsstofnunar EFTA vegna Icesave-málsins. Frestur til að skila svarinu rennur út á morgun. Stjórnvöld hafa ekki óskað eftir frekari frestun.

Drög að nýju samkomulagi um Icesave hafa verið kynnt þingflokki stjórnarandstöðunnar, að því er fram kom í fréttum Stöðvar 2 um helgina. Samkvæmt þeim kynnti Lárus Blöndal, fulltrúi stjórnarandstöðunnar í samninganefnd Íslands, framvindu



LÁRUS L. BLÖNDAL

heimildum Stöðvar 2 eru meðaltalsvextir 2,78 prósent í nýju drögum. Í upphaflegu samningunum voru þeir 5,5 prósent.

málsins fyrir flokkunum.

Enn standa nokkur atriði út af borðinu í samningaviðræðunum og er unnið að því að fækka þeim þessa dagana. Samkvæmt

Drögin hafa verið kynnt fyrir Samtökum atvinnulífsins og forystumönnum Landsvirkjunar meðal annarra. Forystumenn úr atvinnulífinu hafi því verið fengnir til liðs við fjármálaráðuneytið til að þrýsta á þingmenn stjórnarandstöðunnar að styðja samningsdrögin. Málið fer ekki fyrir Alþingi fyrr en vissa er um að mikill meirihluti þingmanna styðji það. Þingmenn stjórnarandstöðunnar vilja hins vegar sjá lokaniðurstöðu áður en ákvörðun er tekin um stuðning.

- þeb

Hákarl banar ferðamanni:

## Hákarl banar ferðamanni

**EGYPTALAND** Þýsk kona lést eftir að hákarl beit hana þar sem hún var að kafa í Rauða hafinu við stendur Egyptalands. Þetta kemur fram á fréttavef BBC en fyrr í vikunni höfðu hákarlar sært fjóra á sömu slóðum. Tveir hákarlar voru þá veiddir á svæðinu og lýstu yfirvöld stendurnar öruggar.

Strandsvæðinu, Sharm el-Sheikh, hefur nú aftur verið lokað og leita sjávarlíffræðingar skýringa á endurteknum árasum hákarla á einni vinsælustu ferðamannaströnd Egyptalands.

- rat

# Samfylking biður þjóðina afsökunar

Samfylkingin viðurkennir ábyrgð sína í aðdraganda hrunsins og biðst afsökunar. Umbótanefnd gagnrýnir andvaraleysi og afneitun í samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn. Voru gerendur en ekki fórnarlömb, segir formaðurinn.

**STJÓRNMÁL** Samfylkingin bað íslensku þjóðina afsökunar á mistökum flokksins í aðdraganda hrunsins á flokksstjórnarfundi á laugardag. Flokkurinn segist viðurkenna ábyrgð sína og heita því að „hlusta með opnum hug á gagnrýni og takast á við umbætur á skipulagi, starfsháttum og stefnu flokksins“ til að koma í veg fyrir að mistökin endurtaki sig. Ályktun þess efnis var samþykkt á fundinum.

Meginefni fundarins var umfjöllun um niðurstöður umbótanefndar flokksins, sem var skipuð í apríl. Skýrslu nefndarinnar var skipt niður í sex hluta og eru tillögur að úrbótum við hvern hluta.

Komst nefndin að þeirri niðurstöðu að flokkurinn hafi verið veikari aðili samstarfsins við Sjálfstæðisflokkinn. Andvaraleysi og síðar afneitun hafi því einkennt afstöðu flokksins í aðdraganda hrunsins.

Nefndin segir að innra starf Samfylkingarinnar sé veikt og standi ekki undir væntingum flokksmanna. Flokkurinn hafi ekki tekist á við ágreiningsmál með markvissum og öguðum hætti. Þá séu aðildarfélög flokksins ekki nógu öflugar einingar og ekki nýttar sem skyldi. Lítið sé leitað til þeirra.

Flokkurinn gætti ekki nægilega að vali á framboðslista þannig að frambjóðendur vinni ekki gegn hver

### Ekki fórnarlömb óheillaþróunar

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og formaður Samfylkingarinnar telur að nefndinni „hafi tekist vel til og skili allt í senn uppbyggjandi og gagnrýninni niðurstöðu“. Margar athyglisverðar og framsýnar tillögur til úrbóta á vinnubrögðum og flokksstarfi komi fram í skýrslunni.

Hún segir Samfylkinguna ekki hafa verið fórnarlömb óheillaþróunar fyrir hrún. „Við vorum gerendur sem þátttakendur í ríkisstjórn og meirihlutastarfi á Alþingi og þegar lítið er í baksýnisspegilinn blasir við að við hefðum getað gert mun betur,“ sagði Jóhanna. Hún sagði jafnframt mikilvægt að þjóðin væri beðin afsökunar á mistökum flokksins, enda hafi þau reynst afdrífari. Afsökunarbeiðnin ætti ekki að koma frá henni eða öðrum einstaka forystumönnum heldur flokknum í heild.

Dagur B. Eggertsson varaformaður tók í sama streng í ræðu sinni og sagði ekki hægt að einkorða ábyrgðina við fáeina einstaklinga sem hafi verið í eldlínunni í hrúninu.

öðrum og hagsmunum flokksins, að mati nefndarinnar. Þá hafi Samfylkingin gert alvarleg mistök með því að leyfa þá þróun að kostnaðarsöm kosningabarátta væri nauðsynleg. Flokkurinn og frambjóðendur hafi þegið styrki sem séu í

mótsögn við reglu stjórnmálaflokka um að forðast hagsmunatengsl sem geti rýrt trúverðuleika þeirra.

Þá segir í niðurstöðum umbótanefndarinnar að flokknum hafi ekki tekist að losa um hefðir sem stjórni ráðherravali, en það byggi á kjördæmasjónarmiðum.

Í ályktun sem samþykkt var á fundinum segist Samfylkingin viðurkenna ábyrgð sína og heitir því að hlusta með opnum hug á gagnrýni og takast á við umbætur til að koma í veg fyrir að mistökin endurtaki sig.

Samfylkingin ætlar að efna til funda um allt land á næstu vikum þar sem fjallað verður um niðurstöður og tillögur nefndarinnar. Stefnt er að því að tillögur um áþreifanlegar aðgerðir verði lagðar fram fyrir næsta landsfund flokksins, að því er segir í ályktuninni.

thorunn@frettabladid.is



DAGUR B. EGGERTSSON

JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Lögregla handtók vopnaðan mann á skemmtistað í Reykjavík:

## Með hlaðinn riffil og eiturlyf

**LÖGREGLA** Maður, sem var með hlaðinn riffil og fíkniefni, var handtekinn á skemmtistað í Reykjavík um helgina.

Á þriðja tímanum aðfaranótt sunnudags barst lögreglunni í Reykjavík tilkynning um að sést hefði til manns með byssu á skemmtistað í miðborginni. Maðurinn var á bak og burt þegar lögregla kom á vettvang. Vitni gátu þó gefið greinargóða lýsingu á manninum og hóf lögregla þegar leit að honum. Um klukkustund síðar handtók lögregla manninn inni á skemmtistað og í ljós kom að hann var með hlaðinn riffil meðferðis sem og nokkurt magn skotfæra. Einnig fundust á manninum fíkniefni sem ætla má að hann hafi ætlað að selja.

Samkvæmt upplýsingum lögreglu hafði hann ekki hleypt af skoti og gekk greiðlega að handtaka mann-



**LÖGREGLAN VIÐ STÖRF** Aðfaranótt sunnudags handtók lögreglan vopnaðan mann inni á skemmtistað í Reykjavík.

Hann veitti ekki mótspyrnu og beitti ekki skotvopninu við handtökuna. Maðurinn var færður í fanga-

geymslu um nóttina og var yfirheyrður í gær.

- rat

**NÝTT!**  
NICOTINELL ICEMINT

15%  
AFSLÁTTUR

Gildir í desember

Lyfjaval

Bílaapótek Hæðarsmára  
Mjódd • Álftamýri

APÓTEK

Lyfjaval.is • sími 577 1160



**ora**

Ástríða í matargerð



# JÓLASÍLDIN 2010

www.**ora**.is



## Fréttaskýring: Hvað segja Wikilieaks-skjölín um Ísland?



SAMNINGUR BORINN UNDIR ÞJÓÐARATKVÆÐI Sendiherra Bretlands taldi vænlegt að Norðmenn myndu lána Íslendingum fyrir Icesave-reikningum Landsbankans.

# Reyndu að koma sér hjá atkvæðagreiðslu

Bandaríska sendiráðið hefur frá upphafi fylgst grannt með Icesave-viðræðunum. Meðal annars er haft eftir bæði Bretum og Íslendingum að leitað hafi verið leiða til að leysa deiluna áður en til þjóðaratkvæðagreiðslu þyrfti að koma.

Bandaríska sendiráðið í Reykjavík hefur greinilega frá fyrstu stundu fylgst grannt með samningum um Icesave-reikninga Landsbankans. Í skýrslu frá Carol van Voorst, þáverandi sendiherra, sem dagsett er 23. október 2008, segir hún frá viðræðum sínum við Martin Eyjólfsson, sviðsstjóra viðskiptasviðs utanríkisráðuneytisins, um framgang viðræðna við Breta, en í vikunni á undan hafði bráðabirgðasamkomulag við Hollendinga verið undirritað.

Martin nefnir þar að Bretar hafi boðið Íslendingum að greiða upphæðina á tíu árum með 13,5 prósent vöxtum, en Íslendingar hafi á móti boðið 6 prósent vexti til 20 ára.

Sendiherrann segir í athugasemdum sínum að fáir á Íslandi virðist átta sig á því í hverju ábyrgð Íslendinga sé fölginn og hve gríðarlega há skuldin sé. „Margir

þeirra sem átta sig á þessu eru á barmi örvæntingar.“

Í janúar á síðasta ári, nokkrum dögum eftir að Ólafur Ragnar Grímsson forseti neitaði að undirrita lög um Icesave-samninginn, ræddi Sam Watson sendiráðunautur, sem þá var staðgengill sendiherra, við Einar Gunnarsson og Kristján Guy Burgess frá íslenska utanríkisráðuneytinu.

Þeir sögðust þá afar svartsýnir á framtíð Íslands og að almenningur á Íslandi myndi fagna því mjög ef opinberlega væri hægt að lýsa því yfir að Bandaríkjamenn myndu lofa stuðningi eða hjálpa til við að fá málið á dagskrá hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Einnig er haft eftir þeim að þeir vilji komast hjá því að lögin fari til þjóðaratkvæðagreiðslu, en þeir séu að kanna aðrar leiðir til að leysa málið.

Í sömu skýrslu er fullyrt að Ian

Whiting, sendiherra Breta hér á landi, hafi sagt bandaríska sendiráðunautnum að Bretar væru einnig að leita leiða til að koma í veg fyrir að málið yrði borið undir þjóðaratkvæðagreiðslu.

Breski sendiherrann sagði Breta hins vegar hafa fengið misvísandi skilaboð frá Íslendingum, „sem fyrir viku virtust sáttnir við að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu,“ eins og segir í skýrslunni „en virðast nú vera að leita annarra leiða“.

Haft er eftir Whiting að ein möguleg lausn gæti verið fölginn í því að Norðmenn myndu lána Íslendingum fé, sem myndi duga fyrir Icesave-skuldinni. Þessi lausn gæti gert bæði Bretum og Íslendingum kleift að lýsa yfir sigri. Þetta gæti líka „dregið að einhverju leyti úr gagnkvæmri andúð í viðræðunum“.

gudsteinn@frettabladid.is

Bandaríska sendiráðið í uppnámi vegna handtöku:

## Ímynd Bandaríkanna talin í hættu

Í skýrslum bandaríska sendiráðsins kemur fram að Carol van Voorst sendiherra hafi haft nóg að gera eftir að íslensk kona varð fyrir þeirri óskemmtilegu reynslu að vera handtekin við komu sína til New York í desember 2007.

Konan var látin dúsa heila nótt í eins konar fangageymslu á flugvellinum og síðan send heim daginn eftir vegna þess að hún var ekki með rétta vegabréfsáritun. Hún var flutt fram og til baka í hand- og fótjárnnum, og var málið tekið upp hér á landi bæði í fjölmiðlum og af stjórnvöldum, sem heimtuðu skýringar.

Van Voorst sendiherra tekur málið greinilega alvarlega, en ekki endilega vegna þess hvað gerðist heldur vegna þess að málið er áberandi í fréttum á Íslandi og skaðar ímynd Bandaríkanna meðal Íslendinga.

„Við deilum því mati hennar að þetta atvik – án tillits til þess hvað

gerðist – sé alvarlegt áfall fyrir ímynd Bandaríkanna á Íslandi,“ skrifar van Voorst. „Það er mikilvægt að við komum þessari frétt af forsiðunum með því að útlista nánar hvað gerðist við handtökuna og hafa aftur samband við íslensk stjórnvöld eins fljótt og hægt er.“

Þann 19. desember er skýrt frá því að Stewart Baker, aðstoðar-ráðherra í heimavarnaráðuneyti Bandaríkanna, hafi skrifað Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur bréf, þar sem fullyrt er að farið hafi verið vandlega yfir atburðina. Baker segist í því bréfi harma það sem gerðist og lofar því að vinnubrögð verði endurskoðuð.

Van Voorst sendiherra segir síðan að við konuna sjálfa hafi verið rætt í síma, þar sem hún segist ánægð með að bandaríska heimavarnaráðuneytið skuli ætla að endurskoða vinnubrögð sín með hliðsjón af þeirri reynslu, sem hún lenti í.

- gb



ÖRYGGISGÆSLA Á JFK-FLUGVELLI Í NEW YORK Íslensk kona varð þar fyrir óskemmtilegri reynslu í desember 2007.

NORDICPHOTOS/AFP

Flug Rússa inn á flugumsjónarsvæði Íslands 2007:

## Níu mílna fjarlægð

Frásögnum íslenska utanríkisráðuneytisins og bandaríska sendiráðsins ber ekki saman um flug rússneskra sprengjuflugvéla inn á íslenska flugumsjónarsvæðið aðfaranótt 17. ágúst árið 2007.

Carol van Voorst, þáverandi sendiherra Bandaríkanna, segir í skýrslu sinni, dagsettri 27. ágúst, að í einni af þremur ferðum rússneskra sprengjuflugvéla inn á

svæðið þessa nótt hafi vélarnar verið komnar í aðeins níu sjómílna fjarlægð frá Keflavík.

Í fréttatilkynningu íslenska utanríkisráðuneytisins, dagsettri 18. ágúst, segir að vélarnar hafi komið „inn í íslenska flugumfjónarsvæðið en ekki inn í lofthelgi Íslands.“

Lofthelgi Íslands er 12 sjómílnur.

- gb

**kostur**  
Spörum og njótum lífsins

Opið alla daga 10-20

Já takk

Hakk á tilboði í dag

Kostur Nautahakk

697 kr/kg  
Verð áður: 995 kr/kg

Mikið úrval af frábærum tilboðum - líttu við

Dalvegur 10-14 | 201 Kópavogur | Sími 560 2500 | www.kostur.is  
Opið alla daga frá 10.00 til 20.00 | Sjáðu Kost á Facebook

**VEÐURSPÁ**

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

**KULDATÍÐ** Það eru heldur litlar breytingar í veðurfarinu þessa dagana. Hæðasvæði yfir landinu situr sem fastast og því verður áfram kalt í veðri og hægur vindur. Áttin er norðlæg eða breytileg enda er heldur þungbúnara norðan til en syðra.

Á MORGUN Norðlægur áttir, 3-8 m/s

MÍÐVIKUDAGUR Hæg breytileg átt.

**HEIMURINN**

Alicante	20°
Basel	5°
Berlín	0°
Billund	2°
Frankfurt	1°
Friedrichshafen	2°
Gautaborg	3°
Kaupmannahöfn	3°
Las Palmas	23°
London	1°
Mallorca	19°
New York	4°
Orlando	14°
Ósló	-9°
París	0°
San Francisco	15°
Stokkhólmur	1°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.



*Veljum íslenskt  
– okkar hagur!*





## Fréttaskýring: Hvað segja Wikileaks-skjölin um Ísland?

Hvatti stjórn sína til að veita Íslendingum stórt lán:

# Taldi að hagsmunum vera stefnt í hættu

Carol van Voorst, fyrrverandi sendiherra Bandaríkjanna hér á landi, ráðlagði stjórnvöldum í Bandaríkjunum eindregið að verða við ósk Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra, sem sett var fram í bréfi frá Davíð seint í október árið 2008, um stórt lán í tengslum við aðgerðir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hér á landi.

„Þessa beiðni þarf að taka vandlega til athugunar,“ skrifar van Voorst í skýrslu dagsettri 31. október: „Við höfum langtíma-hagsmuna að gæta á Norður-Atlantshafi sem neikvæð viðbrögð gætu stefnt í hættu.“

Meðal hags-



muna Bandaríkjamanna nefnir van Voorst hernaðarlegt mikilvægi Íslands fyrir Bandaríkin, og er sérstaklega tekið fram að áður en bandaríski herinn var kallaður heim árið 2006 hafi Bandaríkin „ausið 250 milljónum dala árlega í herstöð okkar í Keflavík.“ Íslendingar hafi síðan haldið vellinum vel við, þannig að hann væri „samstundis nothæfur ef óvenjulegar aðstæður krefjast“.

Ef Ísland myndi kíkna undan kreppunni þá yrði það ófært um að vera sá „sjálfstæði samstarfsaðili sem við höfum varið áratugum og ógrynni fjár frá bandarískum skattgreiðendum til að byggja upp“.

-gb

Gerir athugasemdir við upplýsingar í minnisblaði bandaríska sendiráðsins:

# Pólitískur skáldskapur

Valur Ingimundarson sagnfræðingur hefur sent Fréttablaðinu athugasemdir vegna umfjöllunar blaðsins á laugardaginn um minnisblað úr bandaríska sendiráðinu. Athugasemdin er hér í heild sinni:

Ekki er algengt að íslenskir sagnfræðingar eða aðrir fræðimenn hafi slík samfélagsáhrif að þeir stjórnir gerðum íslenskra stjórnvalda í milliríkjadéllum. En starfsmenn bandaríska sendiráðsins á Íslandi telja greinilega að svo sé ef marka má minnisblað bandaríska sendiráðsins um umræðu sem spannst út af grein minni „In memoriam: Orðræða um orrustuþotur 1961-2006“ og birtist í Skírni vorið 2006. Þar er því haldið fram að umræðan muni hafa þau áhrif að íslensk stjórnvöld sýni hörku í samningaviðræðum við Bandaríkjamenn sem þá stóðu yfir eftir ákvörðun bandarískra stjórnvalda um að kalla herinn á brott í mars 2006. Þessi fullyrðing kemur reyndar spáskt fyrir sjónir því að ég kemst að þveröfugri niðurstöðu í greininni. Mér er það ráðgáta hvaða vopnum íslensk stjórnvöld hefðu átt að beita vegna þess að það var í raun ekkert að semja um eftir að ákvörðunin um lokun herstöðvarinnar hafði verið tekin og þau höfðu horfið frá hótun sinni um uppsögn varnarsamningsins. Eftir það gátu Bandaríkjamenn tálkað varnarsamninginn að vild.

Andstætt því sem starfsmenn bandaríska sendiráðsins virðast hafa lesið út úr grein minni hélt ég því alls ekki fram að Bandaríkjamenn hefðu látið hjá líða að kalla herlið sitt heim ef Davíð Oddsson hefði ekki horfið úr stjórn mállum seinni hluta árs 2005. Greina mátti svipaðan misskilning í fjölmiðla-umræðu um greinina á Íslandi og í máli sumra stjórnvaldamanna sem tóku þátt í henni. Ég taldi aftur á móti að brotthvarf Davíðs hefði auðveldað ákvörðun sína að kalla á brott orrustuþotur sem hér voru staðsettar árið 2003. Þeir



VALUR INGIMUNDARSON Sagnfræðingurinn segir þetta ekki vera í fyrsta skipti sem bandaríska sendiráðið rangtúlki stjórnmálaástandið á Íslandi.

vildu ekki grafa undan honum pólitískt og því gat tímasetningin skipt máli í þessu samhengi. Þessi túlkun byggðist á viðtölum mínum við embættismenn í utanríkisráðuneyti, þjóðaröryggisráði og varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna á árunum 2004-2005, en það er einmitt vikið að þeim í minnisblaðinu sem WikiLeaks birtir.

Í minnisblaðinu er vitnað rétt í samtali sem bandarískur embættismaður átti við mig vorið 2006 þar sem ég lýsti þeirri skoðun minni að röksemdafærsla mín í greininni hefði verið skrumskæld í fjölmiðlaumræðunni. Ég taldi að ýkt viðbrögð sumra stjórnvaldamanna mætti rekja til þess að stjórnarflokkarnir, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, sætu særðir eftir ákvörðun Bandaríkjaforseta að leggja niður herstöðina. Þetta svar nægði greinilega ekki bandarískum sendiráðsmönnum á Íslandi því að þeir létu ímyndunaraflíð hlaupa með sig gönur með því að segja það „mögulegt“ að tilgátan (sem var rangtúlkuð eins og áður sagði) hafi komið frá Þorsteini Davíðssyni, þáverandi

aðstoðarmanni Björns Bjarnasonar, dómsmálaráðherra, og syni Davíðs Oddssonar. Samsæriskening embættismannanna byggir á því að Þorsteinn hafi haldið því fram í samtölum við embættismenn bandaríska sendiráðsins að Bandaríkjamenn hefðu ekki lokað herstöðinni ef Davíð hefði verið enn við völd. Ég þekki Þorstein ekki og hef aldrei verið í neinum samskiptum við hann. Ekki þarf því að koma á óvart að kenningin er ekki studd neinum efnislegum rökum í minnisblaðinu, enda fullkomlega úr lausu lofti gripin.

Það að nefna í þessu sambandi að faðir minn þekkir Davíð Oddsson minnr helst á þær aðferðir sem kommúnistaveiðarinn Joseph McCarthy notaði til að ala á tortryggni í garð andstæðinga sinna: „Guilt by Association.“ Reyndar er viðurkennt í minnisblaðinu að ekkert sé vitað um það hvernig ég hafi komist að þessari niðurstöðu í greininni – niðurstöðu sem ég komst aldrei að.

Staðreyndin er sú að frumkvæði að greinaskrifunum kom ekki frá mér heldur Halldóri Guðmundssyni, ritstjóra Skírnis. Hann bað mig sérstaklega um að skrifa um stöðuna í samskiptum Bandaríkjanna og Íslands fyrir vörðefti Skírnis 2006. Efni greinarinnar ræddi ég ekki við aðra en Halldór meðan hún var í vinnslu og hann var sá eini sem vissi af greininni þangað til ég skilaði henni af mér til birtingar.

Minnisblað bandaríska sendiráðsins er góður vitnisburður um hugarástand bandarískra sendiráðsmanna á Íslandi á þeim tíma þegar George W. Bush ákvað að binda enda á 55 ára dvöl Bandaríkjaahers á Íslandi. Að halda að íslensk stjórnvöld gætu sýnt vígtennurnar í vonlausri samningsstöðu sumarið 2006 segir allt sem segja þarf um dómgreind þeirra. Fjarstæðukennd túlkun þeirra á grein minni ber heldur ekki vott um mikla skarpskyggni. En þetta er vitaskuld ekki í fyrsta sinn sem bandaríska sendiráðið rangtúlkar stjórnmálaástandið á Íslandi.

NÝTT  
FYRIR JÓLIN

Hamburgarhryggur og kartöflusalat

Jólasíldarsalat

Dönsk lífrakæfa, sveppir og beikon

# JÓLABAKKINN

FRÁ SÓMA ER KOMINN

30 bitar

**TORTILLA VEISLUBAKKI**

30 bitar

**TORTILLA OSTABAKKI**

20 bitar

**EDALBAKKI**

20 bitar

**GAMLI GÓÐI**

20 bitar

**LÚXUSBAKKI**

Fyrir 10 manns

**ÁVAXTABAKKI**

50 bitar

**DESERTBAKKI**

Pantaðu í síma

## 565 6000

eða á [www.somi.is](http://www.somi.is)  
Fri heimsending\*

Hver samlökubakki er hæfilegur fyrir fjóra eða fimm. \*Fri heimsending gildir aðeins ef pantaðir eru 4 eða fleiri bakkar.

## Samtök orku- og veitufyrirtækja



KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR Bandaríska sendiráðið hafði ekki áhrif á að einnar krónur orkuskattur var lækkaður niður í eina krónu, að sögn ráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bandaríska sendiráðið stýrði engu, segir ráðherra:

# Álfyrirtækin voru varin fyrir hækkun

Aldrei stóð til að setja á einnar krónu orkuskatt á hverja kílóvattstund. Upphæðin var til viðmiðunar til að sjá um hvaða fjárhæðir væri að ræða, að sögn Katrínar Júlíusdóttur iðnaðarráðherra. Hún segir bandaríska sendiráðið hér á landi ekki hafa haft áhrif á að einnar krónu orkuskattur var lækkaður niður í tólf auru.

Sam Watson, sendiráðunatur og staðgengill sendiherra Bandaríkjanna hér, skrifar í bréfi sem hann sendi bandarískum stjórnvöldum ytra í nóvember í fyrra og lekasíðan Wikileaks hefur undir höndum að fyrir hans tilstuðlan hafi tekist að koma í veg fyrir að ríkisstjórnin samþykkti að leggja einnar krónu orkuskatt á hverja kílóvattstund.

Álfyrirtækin Alcoa og Century Aluminum voru mótfallin skattinum enda útlit fyrir að hann gæti kostað þau 13,2 milljarða króna á ári og dregið úr arðsemi þeirra hér.

Katrín segir orkuskattinn almennan skatt sem lenti á öllum, svo sem heimilum landsins og garðyrkjubændum. Ekki var hægt að leggja sérstakan skatt aðeins á álfyrirtækin. „Álfyrirtækin eru varin fyrir sérstökum sköttum í fjárfestingarsamningum,“ segir hún.

„Sendiráð Bandaríkjanna á Íslandi var enginn gerandi í þessu máli. Þeir gátu haft skoðanir en það breytti engu. Við vorum að meta þetta út frá hagsmunum heildarinnar,“ segir Katrín.

-jab

Skjölin birtast smátt og smátt:

## Aðeins brot hefur verið birt

Á vefsíðunni Wikileaks hafa til þessa einungis verið birt 837 þeirra 251.287 leyniskjala úr bandarísku utanríkisþjónustunni, sem boðuð hefur verið birting á.

Fyrstu skjölin voru birt 28. nóvember síðastliðinn, en nokkur erlend dagblöð sem hafa skjölin öll í fórum sínum, þar á meðal Guardian í Bretlandi, New York Times í Bandaríkjunum og Der Spiegel í Þýskalandi, hafa með umfjöllun sinni ráðið nokkuð ferðinni um það hvenær og í hvaða röð þau birtast.

Skjölin frá sendiráði Bandaríkjanna á Íslandi eru samtals 290 frá tímabilinu 2005 til 2010. Fimm þessara skjala eru merkt leyndarmál, 84 eru merkt trúnaðarmál en hin eru óflokkuð, þótt ekki séu þau ætluð til opinberrar birtingar.

Fyrsta skjalið er dagsett 20. desember 2005, en þar er að finna yfirlit yfir ástand hryðjuverkamála á Íslandi, sem er framlag sendiráðsins hér á landi til árlegrar skýrslu bandarískra stjórnvalda um ástand hryðjuverkamála í öllum löndum jarðar.

Síðasta skjalið er dagsett 24. febrúar 2010, en þar er rætt um upplýsingar sem bandaríska sendiráðið hefur gefið íslenskum stjórnvöldum um írönsk skipafélög.

-gb



# JÓLATILBOÐ



## REKKJUNNAR

GEÐU GÓÐA NÓTT Í JÓLAGJÖF Í ÁR  
**30%  
AFSLÁTTUR**  
af öllum heilsukoddum til jóla

**JÓLATILBOÐ**  
Heilsukoddar frá  
**5.930 kr.**

**JÓLATILBOÐ**  
Sængurföt frá  
**4.425 kr.**

GEÐU GÓÐA NÓTT Í JÓLAGJÖF Í ÁR  
**25%  
AFSLÁTTUR**  
af öllum sængurfatnaði til jóla

**JÓLATILBOÐ**  
**AC Pacific**  
Prýstijöfnunarrúm  
Queen size (153x203 cm)  
Verð 213.800 kr.  
**NÚ 149.500 kr.**  
= 64.300 kr. AFSLÁTTUR



**rekkjan**





GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	114,80	115,34
Sterlingspund	179,94	180,82
Evra	152,19	153,05
Dönsk króna	20,416	20,536
Norsk króna	19,010	19,122
Sænsk króna	16,685	16,783
Japanskt jen	1,373	1,381

SDR	176,39	177,45
-----	--------	--------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
205,7989  
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Forsetaframbjóðendur á Fílabeinsströndinni sóru báðir embættiseið:

# Óttast nýja borgarastyrjöld

**FÍLBEINSSTRÖNDIN, AP** Óttast er að borgarastyrjöld brjótist út á Fílabeinsströndinni í kjölfar forsetakosninganna. Thabo Mbeki, fyrrverandi forseti Suður-Afríku reynir nú að miðla málum í deilunni um hver sé forseti landsins.

Alassane Ouattara, frambjóðandi stjórnarandstöðunnar, var lýstur sigurvegari í kosningunum fyrir rúmri viku og alþjóðasamfélagið hefur viðurkennt Ouattara sem forseta landsins. Stjórnlagadómstóll sneri úrslitunum hins vegar við og sagði Laurent Gbagbo, for-



**ÚRSLITUM MÓTMÆLT** Mótmæli á götum úti í norðurhluta landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP seta landsins til tíu ára, hafa sigrað í kosningunum. Gbagbo hefur stuðning dómstólsins, sem og hersins og

ríkisfjölmiðla. Hann sór embættiseið um helgina og Ouattara segist einnig hafa gert það.

Aðeins eru þrjú ár síðan landið sameinaðist opinberlega eftir borgarastyrjöld sem skipti því í tvennt. Fylgi frambjóðendanna tveggja skiptist landfræðilega, Ouattara nýtur mikils fylgis í norðurhlutanum og Gbagbo í suðri. Því er talið að borgarastyrjöld gæti nú hafist á nýjan leik. Greint hefur verið frá dauðsföllum frá því að átök hördnuðu fyrir helgi, en þau hafa ekki fengist staðfest. - þeb

Olli banaslysi í heimalandinu:

# Brotamaðurinn skal framseldur

**DÓMSMÁL** Lithaí, sem dvalið hefur hér á landi, skal framseldur til heimalands síns, samkvæmt dómi Hæstaréttar.

Maðurinn ók bifreið of hratt og á rangri akrein í Litháen í júlí 2007 með þeim afleiðingum að hann lenti í árekstri. Ökuamaður hinnar bifreiðarinnar lést og farþegar slösuðust. Sá Maðurinn, sem nú hefur verið framseldur, ók í burtu án þess að tilkynna lögreglu um slysið eða gera ráðstafanir til að koma hinum slösuðu til hjálpar. - jss

# Allir sósufiskkréttir

1390 kr.kg

Þetta er að það ódýrasta í bænum í dag, því get ég lofað.

Humarsoðið frá Höfn í Hornafirði er komið, engin aukafni, né rotvarnarefni.

Sjáumst eldhress á eftir.

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

STÝRÐU UMRÆÐUNNI Í ÁTT TIL ÞÍN Meiri Vísir. **vísir.is**

Líkamsárás og eignaspjöll:

## Réðst á fyrrum sambyliskonu

**DÓMSMÁL** Tæplega þrítugur karlmaður hefur verið dæmdur í þriggja mánaða langt fangelsi fyrir líkamsárás, húsbrot og eignaspjöll.

Atvikin áttu sér stað í desember í fyrra. Maðurinn kom heim til fyrrverandi sambyliskonu sinnar, sem ekki vildi hleypta honum inn. Hann sparkaði þá í dyrastaf útidyrhúðarinnar, sem brotnaði, þannig að hann komst inn.

Þegar hann komst inn veittist maðurinn að konunni, greip um háls hennar, skallaði hana þrisvar í höfuðið og henti henni til og frá um íbúðina. Símanum hennar kastaði hann í gófið þannig að hann eyðilagðist.

Auk þess að fá fangelsisdóm er manningum gert að greiða konunni 459 þúsund í miskabætur. - jss



**JAFNRÉTTISFRÖMUÐIR** Pær Sigurbjörg Hallgrímsdóttir og Unnur Gunnarsdóttir hafa sett saman verkefni sem stuðlar að bættu jafnréttisviðhorfi grunnskólabarna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Börn læra um jafnrétti

Jafnréttisverkefni í grunnskólum landsins tekst á við úrelt kynjaviðhorf í hópi barna og ungmenna. Flétta fræðslu inn í almennt námsefni um sögu og íslensku. Vilja auka jafnréttisfræðslu frá leikskólaaldri og upp úr.

**SKÓLAMÁL** Jafnréttisverkefnið Jafnrétti kynjanna frá landnámi til vorra daga hefur verið kynnt fyrir kennurum í ýmsum grunnskólum í Reykjavík undanfarið, meðal annars í Selásskóla og Langholtsskóla. Markmiðið er að kynna nýstárlegar aðferðir til að vinna á úreltum hugmyndum um hlutverk kynjanna, sem fyrirfinnast enn meðal skólabarna.

Nýverið birtust niðurstöður samnorrænnar könnunar sem leiddi í ljós að víða er þetta brotinn þegar kemur að viðhorfum íslenskra unglinga í jafnréttismálum kynjanna. Þar kom í ljós talsverð fylgni við úreltar staðal hugmyndir um hlutverk kynjanna.

Í umfjöllun Fréttablaðsins um könnunina var rætt við félagsfræðing sem sagði að lausnin fælist í meiri fræðslu í jafnréttismálum og þyrfti í raun að flétta slíka fræðslu inn í allt nám á grunnskólastigi.

Það felst einmitt í jafnréttisverkefninu, sem þær Sigurbjörg Hallgrímsdóttir og Unnur Gunnarsdóttir, kennarar við Vogaskóla, standa fyrir með stuðningi Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Þar eru jafnréttismál samtvinnað Íslandssögu og íslenskukennslu grunnskóla á skemmtilegan hátt, þar sem nemendur vinna fjölbreytt

verkefni tengd sögu og landi. Sigurbjörg segir í samtali við Fréttablaðið að þær hafi farið víða um land með verkefnið og alls staðar fengið góðar viðtökur.

„Það sem við erum að benda öðrum kennurum á er að það er hægt að nota þetta verkefni í öllum aldurshópum og það er hægt að koma þessu jafnréttisverkefni inn í allt námsefni. Þannig að í stað þess að gera sérstakt fag eigum við að setja þetta inn í allt sem við gerum.“

Verkefnið má rekja aftur til 2008 þegar menntamálaráðuneytið, Jafnréttisstofa og fleiri stóðu fyrir átaki í völdum skólum þar sem unnin voru tilraunaverkefni á sviði jafnréttismála.


„Nokkur munur var á viðhorfi drengja og stúlkna í upphafi verkefnisins. Gerð var könnun á vegum Jafnréttisstofu á viðhorfi barnanna fyrir og eftir að þau tóku þátt í verkefninu og niðurstöður sýndu umtalsverða breytingu á viðhorfi þeirra gagnvart hlutverkum kynjanna. Það á eftir að skila sér þegar fram í sækir,“ segir Sigurbjörg.

Framlag þeirra hlaut góðan hljómgrunn og hafa þær farið víða um land með verkefnið og vonast til að fara enn víðar.

thorgils@frettabladid.is

## Fengu hvatningarverðlaun

Þær Sigurbjörg og Unnur hlutu á síðasta ári, ásamt Vogaskóla, hvatningarverðlaun menntaráðs Reykjavíkur fyrir jafnréttisverkefnið sitt. Það hefur síðan verið kynnt um land allt og hvarvetna fengið góðar undirtektir.



Jóladagatal Norræna hússins 1.-23. des. kl: 12.34

# GEFÐU GEIT

## GEFÐU GJÖF SEM GEFUR

Með gjafabréfi á gjofsemgefur.is geturðu styrkt bágstadda fjölskyldu um til dæmis geit, hænu, brunn, matjurtagarð, menntun eða aðrar nauðsynjar. Gefðu skemmtilegar gjafir til verkefna heima og erlendis.

www.gjofsemgefur.is

Hjálparstarf kirkjunnar





# Gleðistundir

Aðventan og undirbúningur jólanna er tími til að gleðjast með vinum og vandamönnum. Á þessum gleðistundum er osturinn ómissandi.





# Endurtekur sagan sig?

Sögulegar víddir Evrópumræðunnar

**Hádegisfundur Evrópuvaktar Samfylkingarinnar á Kaffi Sólon þriðjudaginn 7. desember kl. 12-13.**

Frummælendur

Guðmundur Hálfánarson, sagnfræðingur  
Torfi H. Tulinius, miðaldafræðingur



Allir velkomnir

xs.is

# 15 prósent kvenna í ofbeldissambandi

Ný bók byggð á rannsóknum um ofbeldi leiðir í ljós ólíkar birtingarmyndir ofbeldis á konur. 15 prósent kvenna hafa upplifað ofbeldi í samböndum. Leiðbeina heilbrigðisstarfsfólki með greiningu á ofbeldi og viðeigandi úrræði.

**SAMFÉLAGSMÁL** Ofbeldi í nánnum samböndum er víðtækara samfélagsmeini en flestir gera sér grein fyrir, þar sem 15 prósent kvenna upplifa ofbeldi í núverandi sambandi.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri bók, Ofbeldi - Margvísleg birtingarmynd, sem er ritstýrt af Erlu Kolbrúnu Svavarsdóttur, prófessor við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.

Þar er ljósi varpað á reynslu íslenskra kvenna og áhrif ofbeldis á heilsu þeirra, en í samtali við Fréttablaðið segir Erla að bókina samanstandi af fjórum rannsóknum sem voru gerðar hér á landi þar sem um þrjú þúsund konur um allt land svöruðu spurningum.

„Í raun og veru má því segja að þar birtist rödd um 3000 kvenna,“ segir Erla.

Hún segir að það sem komi einna mest á óvart í rannsóknunum er hversu hátt hlutfall kvenna sem leita á bráðamóttöku eða sækja miðstöð mæðravendrar vegna áhættumeðgöngu, hafa upplifað kynferðisofbeldi á lífsleiðinni.

„Konur í þessum hópum eru að upplifa miklu alvarlegra og tíðara ofbeldi en konur almennt, samkvæmt niðurstöðunum. Þar kemur fram að 20 prósent kvenna á slysa- og bráðamóttöku hafa einhvern tíma verið beittar kynferðislegu ofbeldi og sama tíðni á við um konur í áhættumeðgöngu.“

Rannsóknin lýtur einnig að því að skoða hvaða áhrif ofbeldi hefur á heilsu kvenna og líðan þeirra.

„Heilsa þeirra og vellíðan er marktækt lakari ef þær lifa við langvarandi ofbeldi eða hafa upplifað ofbeldi á ævi sinni. Þær glíma við andlega sjúkdóma eins og þunglyndi, misnotkun fíkniefna, kvíða og skerta sjálfsmynd.“

Ofbeldi getur meðal annars



**VARPA LJÓSI Á OFBELDI GEGN KONUM** Erla Kolbrúna Svavarsdóttir ritstýrir bók um birtingarmyndir ofbeldis gegn konum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Framkvæmd rannsóknarinnar:

Spurningalisti var lagður fyrir um 3000 konur um land allt þar sem þær voru spurðar hvort þær séu nú eða hafi einhvern tíma verið beittar ofbeldi í samböndum:

- 2800 svöruðu í landskönnun
- 101 kona sem kom á slysa- og bráðamóttöku
- 107 barnshafandi konur, skilgreindar í áhættumeðgöngu
- 35 líkamlega fatlaðar konur.

## Sláandi niðurstöður:

1,5 til 3,0% þátttakenda, mismunandi eftir hópum, sögðust vera þolendur kynferðislegs ofbeldis í núverandi sambúð, 15% sögðust þolendur líkamlegs ofbeldis og 22% sögðust vera þolendur andlegs ofbeldis í núverandi sambandi.

haft efnahagsleg áhrif þar sem þolendur eiga oft erfiðara með að fóta sig á vinnumarkaði.

Erla segir að þau vilji opna augu fólks fyrir þessum víðtæku áhrifum sem ofbeldi hefur á þolendur, en ekki síður benda á hvernig megi bregðast við.

„Við leggjum fram klínískar leiðbeiningar sem eiga að aðstoða heilbrigðisstarfsfólk, og aðra sem sinna sálgaeslu, við að greina

ofbeldi. Svo bendum við líka á hvernig fyrstu viðbrögð fagaðila eigi að vera því það er ekki nóg að greina vandamálið, heldur verðum við að hafa úrræði. Það erum við líka að kynna í bókinni, svo heilbrigðisstarfsfólk hafi úrræði ef til þeirra kemur kona sem býr við ofbeldi. Til dæmis hvert á að vísa viðkomandi, hvort sem það er til stofnana eða meðferðaradila.“

thorgils@frettabladid.is

Nú er tími til að gefa

...og líka þiggja.

## Jólabónus American Express

Skráðu þig á [americanexpress.is](http://americanexpress.is) og fáðu tvöfalda Vildarpunkta Ícelandair af allri veltu fram að jólum!

Hringdu í síma

**512 50 60**

ef blaðið berst ekki



LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA

[www.lyfja.is](http://www.lyfja.is)

**LYFJA**  
- Lífið heil

## Kannski er jólagjöfin í Lyfju



Jólin eru tími til að gefa.

Í Lyfju finnurðu úrval af gjafavörum í pakkana til þeirra sem þér þykir vænst um. Við erum aldrei langt undan.

Mundu eftir jólahandbók Lyfju.





SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Árið hefst á Vínartónleikum!

Á tónleikunum hljómar sígild Vínartónlist úr ýmsum áttum – m.a. Kampavínspolkinn, Dónárvalsinn sívinsæli og atriði úr Leðurblökunni. Hanna Dóra Sturludóttir syngur með hljómsveitinni og er viðbúið að hún gleðji tónleikagesti með hrífandi framkomu. Vínartónleikarnir hafa um árabil verið vinsælustu tónleikar S.Í. enda vart hægt að hugsa sér ljúfari upptakt að nýju ári. **Tryggðu þér miða á þessa einstöku tónleika.**

Mið. 05.01.11 » 19:30

Fim. 06.01.11 » 19:30

Fös. 07.01.11 » 19:30

Lau. 08.01.11 » 17:00

**Graeme Jenkins** hljómsveitarstjóri  
**Hanna Dóra Sturludóttir** einsöngvari



ADALSTYRKARADILAR

BORGUN



Morgunblaðið





**KAPPHLAUP JÓLASVEINA** Árlega er í Liverpool í Bretlandi efnt til kapphlaups jólasveina, og tóku þúsundir þátt þetta árið. NORDICPHOTOS/AFP

# Pilti gert að fara frá fjölskyldu sinni hér

Nítján ára piltur frá Úrúgvæ sem dvalið hefur hjá föður sínum og fjölskyldu hans hér á landi síðastliðið eitt og hálf ár fær ekki dvalarleyfi hér. Hann skal halda til heimalandsins fyrir áramót, samkvæmt ákvörðun Útlendingastofnunar.

**SAMFÉLAGSMÁL** „Sonur minn þarf að yfirgefa landið fyrir áramót og við erum leið og hrygg vegna þess. Okkur finnst þetta ósanngjarnt.“

Þetta segir Julio Cesar Gutierrez, bóndi á Hávarsstöðum í Hvalfjarðarsveit, um þá ákvörðun Útlendingastofnunar að neita nítján ára syni hans um landvistarleyfi.

Sonur hans, Julio Daniel, var búsettur í heimalandi sínu Úrúgvæ en hefur dvalið hjá föður sínum og fjölskyldu hér í eitt og hálf ár. Julio Cesar fluttist hingað til lands þegar sonur hans var þriggja ára. Hann settist hér að, kvæntist og á nú fjölskyldu hér. Hann vinnur meðal annars við bústörf heima fyrir, tamningar og fjárrúning svo eitthvað sé nefnt. Sonur hans hefur hjálpað honum við bústörfin þann tíma sem hann hefur dvalið hér.

Julio Cesar segir þá feðgana hafa haft stopult samband áður en Daniel flutti til Íslands. Það sé því ómetanlegt fyrir fjölskylduna að fá að kynna honum og mynda fjölskyldutengsl. Sonur hans hafi haft í hyggju að dvelja hér áfram, fá sér vinnu og jafnvel að fara í skóla. Af því geti nú ekki orðið.

Umsóknarferli Daniels hófst í ágúst á síðasta ári. Þá var sótt um dvalarleyfi fyrir barn íslensks ríkisborgara en þeirri umsókn var



**MYNDUÐ SAMAN** Fjölskyldan á Hávarsstöðum f.v. Julio Cesar Gutierrez, Lilja Grétarsdóttir og Julio Daniel Gutierrez í efri röð. Emiliano Elvar Gutierrez og Jórunn Narcisca Gutierrez í neðri röð

hafnað því móðir hans sem býr í Úrúgvæ var ein skráð með forræði yfir honum og samkvæmt reglum verður það foreldri sem sækir um dvalarleyfið fyrir barnið að vera búsett á Íslandi og hafa forræði. Synjunin var kærð til dómsmálaráðuneytisins en ekki var talin heimild í lögum til að víkja frá ákvæðinu um forræði. Ráðuneytið benti á að hægt væri að sækja um leyfi á grundvelli sérstakra tengsla við landið. Nú í nóvember barst Daniel bréf

frá Útlendingastofnun þar sem umsókn hans var hafnað og að hann skyldi „yfirgefa landið sem fyrst en eigi síðar en 30 dögum frá móttöku þessarar ákvörðunar“. Honum er bent á að hann geti kært ákvörðunina til dómsmálaráðuneytisins.

Julio Cesar býst ekki við því að þessi úrskurður verði kærður. Hann segir að það hafi einu sinni verið reynt og er vonaþur um að það beri frekari árangur nú.

jss@frettabladid.is

## Fer eftir forsjá

„Ég vil áréttta varðandi þetta sérstaka mál og önnur sambærileg að löggjafinn hefur með 13. grein útlendingalaga sett Útlendingastofnun þau mörk að nánustu aðstandendur íslensks ríkisborgara eru börn hans yngri en 18 ára og þau geta fengið dvalarleyfi hérlandis ef hið íslenska foreldri fer með forsjá barnsins og hefur framfleytt barninu síðastliðið ár,“ segir Kristín Völundardóttir, forstjóri Útlendingastofnunar. „Þetta þýðir að ef forsjá er ekki til staðar eða viðkomandi hefur ekki framfleytt barninu á ákvæðið ekki við og getur barnið ekki sest hér að á meðan forsjá liggur hjá öðrum aðila.“

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍBROTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

**VÍSIR.IS**  
Meiri Vísir.

## Ferli umsókna

2009	11. ágúst 2009:
ágúst	Daniel sækir um dvalarleyfi
september	5. febrúar 2010:
október	Útlendingastofnun synjar umsókninni. Daniel kærir ákvörðunina til dómsmálaráðuneytis.
nóvember	8. júlí 2010:
desember	Ráðuneytið fellir ákvörðunina úr gildi og vísar málinu aftur til Útlendingastofnunar.
2010	12. ágúst 2010:
janúar	Daniel sækir aftur um dvalarleyfi til Útlendingastofnunar.
febrúar	17. ágúst 2010:
mars	Útlendingastofnun óskar eftir frekari gögnum frá Daniel.
apríl	5. september 2010:
maí	Útlendingastofnun greinargerð.
júní	26. nóvember 2010:
júlí	Útlendingastofnun synjar umsókn Daniels um dvalarleyfi.
ágúst	
september	
október	
nóvember	

## Úr greinargerð Daniels

„Faðir minn flutti frá Úrúgvæ til Íslands þegar ég var þriggja ára. Þennan tíma sem ég hef verið á Íslandi hef ég kynnst honum aftur, nýju konunni hans og systkinum mínum sem eru 6 og 8 ára. Einnig búa hér tveir frændur mínir og á annar þeirra tvö börn. Ég hef mikinn áhuga á að kynna þeim betur, vera þátttakandi í þeirra lífi og kynna þau landi og þjóð.“

fyrir *Sólin*

**1 Kaffivél TC 60201**  
Fyrir 10 stóra og 15 litla bolla.  
1100 W.  
Jólaverð: **7.900 kr. stgr.**

**2 Gigaset AS180**  
Langur taltími, mikil hljómgæði.  
Jólaverð: **5.900 kr. stgr.**

**3 Samlokugrill ST710**  
Fyrir tvær samlokur. 700 W.  
Jólaverð: **6.700 kr. stgr.**

**4 Vendela ljósakrónur**  
Skermar fást í hvítu eða svörtu organza-efni.  
Jólaverð: **12.900 kr. stgr.**

**5 Ryksuga VSZ 3XTRM**  
Mjög kraftmikil ryksuga með „compressor“ tækni.  
Jólaverð: **29.900 kr. stgr.**

**6 Uppvottavél SN45M203SK**  
Með fimm kerfum. Mjög hljóðlát og vinnusöm.  
Jólaverð: **139.900 kr. stgr.**

**7 Þvottavél WM 12Q460DN**  
Tekur mest 7 kg, 1200 sn./mín.  
Jólaverð: **129.900 kr. stgr.**

**SIEMENS**



Heimilistæki, ljós og símar í miklu úrvali.

Fleiri girnileg jólatilboð.

Líttu inn og gerðu góð kaup.

**SMITH & NORLAND**

Noátúni 4 • Sími 520 3000  
www.sminor.is





At the heart of the image

# Nikon D3100 FRÁBÆR FJÖLSKYLDUMYNDAVÉL

– auðveld í notkun með Guide mode, tekur frábærar myndir og kvikmyndir í háskerpuupplausn

Nú fylgir með D3100 aukahlutapakki sem inniheldur vandaða ljósmyndabók, 4 GB minniskort og Acme Made tösku að verðmæti 14.995.-

**D3100 18-55VR kit Verð 129.995.-**



**Nýjung á Íslandi!**

**Nikon skólinn**

Innifalið í kaupum er 2,5 klst. byrjendanámskeið á D-SLR (verðmæti: 12.000 kr.)

## I AM YOUR BEST WINTER DEAL



## MEÐ COOLPIX S3000 TEKUR ÞÚ BETRI MYNDIR

Nú fylgir með Nikon COOLPIX S3000 aukahlutapakki sem inniheldur 4 GB minniskort og Golla tösku að verðmæti 8.995.-

**S3000 Verð 26.995.-**

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.



### SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 - [www.ht.is](http://www.ht.is)  
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – [www.sm.is](http://www.sm.is)  
Beco – Langholtsvegur 84, 104 Reykjavík – 533 3411 - [www.beco.is](http://www.beco.is)  
Fotoval – Skipholt 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – [www.fotoval.is](http://www.fotoval.is)  
MAX – Kaupþún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – [www.max.is](http://www.max.is)  
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – [www.hagkaup.is](http://www.hagkaup.is)  
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – [www.tl.is](http://www.tl.is)

### SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINI

Samkaup – Borgarnesi, Blönduósi, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Fáskrúðsfirði, Grundarfirði, Ísafirði; Hljómsýn – Akranesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnnvetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ.



Grunsemdir um iðnnjósnir á að taka alvarlega.

## Hver verða viðbrögðin?

**S**kýrslur bandaríska sendiráðsins á Íslandi, sem Wikileaks komst yfir og íslenzkir fjölmiðlar hafa sagt frá undanfarna daga, eru um margt áhugaverðar þótt þar séu ekki uppljóstranir sem skekja samfélagið. Skýrslurnar veita fyrst og fremst innsýn í hvernig utanríkisþjónusta stórveldis vinnur og á köflum er fróðlegt að skoða hvernig mat starfsmenn sendiráðsins leggja á menn og málefni á Íslandi. Vinnubrögðin eru ekki frábrugðin því sem gerist annars staðar; íslenzkir sendimenn erlendis senda heim svipaðar skýrslur um stjórn málaástand og samræður sínar við áhrifamenn í löndum þar sem þeir starfa.

### SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen  
olafur@frettabladid.is



Hins vegar eru þessi skrif ekki ætluð fyrir almenningssjónir fyrr en eftir einhverja áratugi. Þess vegna er birting gagnanna nú vandræðaleg fyrir bandarísk stjórnvöld.

Peir sem ræða við erlenda sendimenn hljóta líka að hugsa sinn gang, nú þegar orðið er

algengara en áður að slík gögn leki út. Rifja má upp þegar norskir fjölmiðlar birtu upplýsingar úr frásögn norska sendiherrans á Íslandi af fundi með forseta Íslands með erlendum sendimönnum skömmu eftir hrun, þar sem hann dembdi sér yfir Bretu og ýjaði að því að réttast væri að bjóða Rússum herstöð á Íslandi. Líklega er gott að hafa í huga það sem Björn Bjarnason, fyrrverandi dómsmálaráðherra, sagði í Ríkisútvarpinu um helgina, að í samtölum við erlenda sendimenn eigi menn ekki að segja meira en þeir treysta sér til að standa við opinberlega.

Í gögnunum eru hins vegar líka upplýsingar, sem íslenzk stjórnvöld hljóta að þurfa að bregðast við. Þar ber hæst grunsemdir bandarískra sendimanna um að Kínverjar stundi iðnnjósnir hér á landi, sem Fréttablaðið sagði frá á laugardaginn. Í skýrslum þeirra er meðal annars fullyrt að iðnnjósnirnar beinist að fyrirtækjum á sviði erfðagreiningar og læknisfræðilegra rannsókna.

Þetta kemur út af fyrir sig ekki á óvart. Það er á margra vitorði að Kínverjar stunda umfangsmiklar iðnnjósnir í vestrænum ríkjum og heilu iðngreinarnar í Kína byggjast á stuldi á viðskiptaleyndarmálum. Íslenzk fyrirtæki eru í fararbroddi á heimsvísu á sumum sviðum, til dæmis íslenzk erfðagreining. Það þarf því heldur ekki að koma á óvart að Kínverjar sýni slíku fyrirtæki áhuga, þótt auðvitað sé ekkert sannað um að þeir hafi njósnað um það.

Sú spurning vaknar eðlilega hvað íslenzk stjórnvöld ætli að gera í málinu og hvernig þau hyggist vernda hagsmuni íslenzkra fyrirtækja. Krafa Íslenzkrar erfðagreiningar um athugun lögreglu er sjálfsgöð og eðlileg. En hvernig er lögreglan í stakk búin að fylgjast með útflutningum sem kunna að vilja stela leyndarmálum íslenzkra fyrirtækja? Hvaða heimildir hefur hún til eftirlits með þeim?

Svör þeirra tveggja ráðherra sem hafa tjáð sig um málið, þeirra Ögmundur Jónasson og Óssurar Skarphéðinssonar, benda til að þeir taki það ekki mjög alvarlega. Kannski er það til merkis um að það sé rétt mat hjá bandarískum sendimönnum að Íslendingar séu fremur áhugalausir um að taka ábyrgð á eigin öryggi og vörnum.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Áttu pening?

Bjarna Benediktssyni, formanni Sjálfstæðisflokksins, finnst lítið koma til fréttaplutnings af fyrirspurn þeirri um farareyri fyrir utanríkismálanefnd Alþingi fyrir ferð vestur um haf sem hann sendi bandaríska sendiráðiinu í nóvember í fyrra og lekasíðan Wikileaks hefur undir höndum. Bjarni segir á Facebook-síðu sinni markmið ferðarinnar tvíþætt, að koma á framfæri miklum vonbrigðum og gagnrýni vegna áhrifa Breta og Hollendinga á Alþjóðagjaldeyrssjóðinn í tengslum við endurskoðun efnahagsáætlunar sjóðsins og Íslands og að efla samskipti Bandaríkjanna



og Íslands eftir brotthvarf varnarliðsins.

#### Skjótum sendiboðann

Bjarna finnst óskiljanlegt hvernig gera megi fréttamat um beiðni um farareyri utanríkismálanefndar, sem hafi takmarkaðar fjárheimildir til utanferða. „Getur verið að samskipti Íslands og Bandaríkjanna séu komin á þetta stig, eða hefur málið ef til vill bara með viðkomandi starfsmann sendiráðsins að gera?“ spyr hann.

#### Ég líka!

Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor í stjórn málafræði við Háskóla Íslands,



hefur verið í sambandi við bandaríska sendiráðið. Hannes segir frá því í pistli sínum á Pressunni að hann hafi snætt hádegisverð með Carol van Voorst sendiherra og kvöldverð í tvígang með Neil Klopfenstein, stjórn málafulltrúa sendiráðsins. Bandarískt hvítvín hafi verið reitt fram með hádegisverði Voorst eitt skiptið, en hann því miður ekki getað drukkið nema eitt glas því hann hafi þurft að sinna brýnum erindum síðdegis. „Fróðlegt væri að lesa skýrslu um samtalið, ef skrifuð hefur verið,“ skrifar Hannes um hádegisverðinn og bætir við að sömuleiðis væri fróðlegt að lesa um kvöldverðina með Klopfenstein. Hvorugt hefur hann séð á prenti. jonab@frettabladid.is

### HALLDÓR



### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is ADSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## Ljómaleikurinn



Skilafrestur til 15. des.

Transitusýru frítt

**Safnaðu 5 strikamerkjum af Ljóma smjörliki og þú gætir unnið matarúttekt fyrir allt að kr. 40.000.-**

Safnaðu 5 strikamerkjum af Ljómasmjörliki og sendu okkur.  
Kjarnavörur, Miðhrauni 16 - 210 Gardabæ.  
Dregið verður úr innsendum umslögum þann 17. des. 2010.

1. verðlaun 40.000.-	gjafabréf í Hagkaup
2. verðlaun 30.000.-	gjafabréf í Krónunni
3. verðlaun 20.000.-	gjafabréf í Nettó
4.-8. verðlaun 6.000.-	gjafabréf í Bónus
9.-14. verðlaun 6.000.-	gjafabréf Fjardarkaup

Nánari upplýsingar á [www.kjarnavorur.is](http://www.kjarnavorur.is)

## Borgarbúar vilja ekki hærri skatta

**Borgarmál**  
**Kjartan Magnússon**  
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

Í umræðum fyrir borgarstjórnarkosningar sl. vor var það almennt viðhorf að vel hefði verið haldið á fjármálum Reykjavíkurborgar kjörtímabilið 2006-10 og að staða borgarsjóðs væri góð. Umræður snerust því öðru fremur um hvernig tryggja ætti áframhaldandi góða fjárhagsstöðu. Nú er lögleyft hámarksútsvar 13,28% af launatekjum en á síðasta kjörtímabili var sú stefna mörkuð undir forystu sjálfstæðismanna í borgarstjórn að miða ekki við það hámark heldur 13,03%.

Í því sambandi voru frambjóðendur oft spurðir um það í fjölmiðlum og á kosningafundum sl. vor hvort nauðsynlegt yrði að hækka útsvar og aðrar álögur á Reykjavíkinga á nýju kjörtímabili.

Athyglisvert er að sjá hvernig oddvitarnar stjórn málaflökkanna svörðu þessum spurningum í kosningabaráttunni.

•Sjálfstæðisflokkurinn hvikaði ekki frá þeirri stefnu að útsvarsprósantan skyldi ekki hækkuð. Flokkurinn fékk fimm borgarfulltrúa kjörna.

•Vinstri græn hvikuðu ekki frá þeirri stefnu sinni að útsvarsprósantan skyldi ætíð vera í hámarki. Framboðið kom einum borgarfulltrúa að.

•Samfylkingin svaraði út og suður og

þar með var ljóst að flokkurinn stæði við fyrri stefnu um að útsvarsprósantan skyldi hækkuð. Flokkurinn fékk þrjá borgarfulltrúa.

•Besti flokkurinn lofaði því að hækka ekki útsvarsprósantuna og oddviti hans, Jón Gnarr, bætti um betur og var eina borgarstjóraefnið, sem sagði vafningalaust að hann vildi beinlínis lækka hana. Flokkurinn fékk sex borgarfulltrúa kjörna og var ótvíræður sigurvegari kosninganna.

Vilji kjósenda var skýr: Þeir flokkar, sem vildu hækka útsvarið, fengu 26% fylgi og fjóra borgarfulltrúa kjörna. Þeir flokkar, sem vildu ekki hækka útsvarið fengu 68% fylgi og ellefu fulltrúa kjörna.

Það tók borgarfulltrúa Samfylkingarinnar aðeins nokkra mánuði að heilapvo óreynt borgarstjórnarlið Besta flokksins og sannfæra það um að bráðnaðsynlegt væri að færa meira fé frá fólkinu til Kerfisins. Meirihluti þessara flokka hefur nú samþykkt hækkan útsvarsprósantunnar og þannig brotið vilja mikils meirihluta Reykjavíkinga á bak aftur. Vinstri meirihlutinn í Reykjavík lítur greinilega á skattgreiðendur sem auðlind, er nýta eigi til hins ýtrasta.



# „Allir eru að tala um...“



**Í DAG**  
Guðmundur Andri Thorsson  
rithöfundur

Þegar maður hefur þennan ósið að kveikja alltaf á fréttunum í útvarpinu og lesa blöðin og annan vettvang þjóðfélags-umræðunnar líður manni stundum eins og maður sé „barnshöfuð í forvitnisferð um glæpi stundanna“ eins og Þorsteinn frá Hamri orti. Manni líður eins og barni á rifrildisheimili. Maður fyllist magnleysi þess sem býr við stöðuga gagnkvæma heift þeirra fullorönu. Maður veit ósköp lítið um þetta, þetta snertir mann bara óbeint – maður skilur þetta ekki alveg – en rifrildið er engu að síður orðið stór þáttur í lífi manns.

## Einn segir – annar segir

Þetta er snúid...  
Einn segir að það hafi orðið forsendubrestur og að þar með sé eðlilegast að fram fari flatur niðurskurður á skuldum landsmanna – klukkunni svo að segja snúid aftur á bak þangað til fyrir hrun. Nógir séu peningarnir í bönkunum – sem grætt hafi ómælt á þessum forsendubresti – og náttúrulega lífeyrissjóðunum. Peningarnir safnist upp, nýttist engum; fólk jafnt sem fyrirtæki svo skuldum vafin að lánstraust sé ekkert og engin dáð í neinum og því sé atvinnulífínu og heim-

ilunum í landinu smám saman að blæða út.

Annar segir að ekki sé hægt að láta eins og hrúðið hafi ekki átt sér stað. Forsendubresturinn sé vissulega til staðar en ekki sé hægt að þurrka hann út með óskhyggjunni einni. Þjóðin í heild hafi lifað um efni fram á bóluþeningum sem ekki voru til. Og ekki sé það þjóðinni í heild í hag að bankarnir fari aftur á hausinn eins og hljóti að gerast með of stórfelldri skuldaniðurfellingu eða lífeyrissjóðirnir tæmist í einhverja ótilgreinda skuldahit.

Á móti er sagt að sanngjarnt sé að allir komi að því að bera þær byrðar af forsendubrestinum hljótast – ekki bara þeir sem voru

og auk þess hafi mikil hvatning verið í samfélaginu til að festa kaup á stórum bílum (sem stjórnvöld skattlögðu minna en fólksbíla) og ýmsum varningi til heimilisins, til dæmis flatskjám. Og því megi heldur ekki gleyma að fólk hafi upp til hópa gert sínar greiðsluáætlanir, og jafnvel varfærnislegar, og að í þeim áætlunum hafi verið mikið svigrúm til hækkana á lánnum, en ekki hafi hins vegar hvarflað að neinum að bankarnir væru komnir út á slíkt hengiflug sem raun bar vitni. Einnig verði að hafa hér í huga að fólk tók á sig skuldbindingar í húsnæðismálum í þeirri trú að það ætti auðvelt með að selja góða eign á góðu verði en hrun-

geðþóttaréttlæti. Þeir pikki út sína þóknanlegu og felli niður skuldir hjá þeim: og svo eru tilgreindir hinir og þessir útrásarkónar, Stímkallar og kvótagosar með allt niðrum sig sem engu að síður hafi fengið stórfelldar afskriftir á ævintýralegum upphæðum og geti nú byrjað upp á nýtt að leggja drög að næsta hrúni efnahagslífsins.

Þá er bent á að samningur sé samningur, skuld sé skuld; orð skulu standa, það sem maður skrifar undir er skuldbinding. Og spurt: Hvernig yrði eiginlega þjóðfélagið ef það væri matsatriði skuldarans hverju sinni hvort og hvernig hann eigi að borga? Geta menn bara sagt að þeir telji að hér hafi orðið forsendubrestur og ætli ekkert að halda áfram að borga þennan skáp sem keyptur var á visa-rað í febrúar síðastliðnum? Hvernig endar það? Fyrirtækin sem ennþá hjara í landinu ganga út á að selja fólk föt og bíla, bækur, byggingarvörur, húsgögn og rafmagnsvörur, og þurfa náttúrulega að geta reitt sig á að fá greitt fyrir það sem þau selja enda margvíslegur kostnaður sem liggur að baki; Það séu með öðrum orðum ekki bara skuldarar sem hefðu hagsmuni að verja í þessu landi...

Þegar ég vaknaði á sunnudagsmorguninn glumdi í hausnum á mér lagið Give Peace a Chance. Við þökumst ekkert með þessu eilífa orðastríði. Við bara tölum okkur upp að knjám. Allir verða að gefa eftir, við verðum að klára þessi mál; snúa okkur að öðru – semja, eða eins og það er svo fallega orðað á íslensku: semja frið.

Við þökumst ekkert með þessu eilífa orðastríði. Við bara tölum okkur upp að knjám.

svo óheppnir að taka lán á vöndum tíma.

Þá er sagt að þeir sem keyptu sér húsnæði og bíla á fólkskum forsendum (gengislánum) séu bara óráðsúfólk sem verði sjálft að taka ábyrgð á sínum ákvörðunum og hefði mátt vita að maður getur ekki bara tekið lán á því gengi sem manni sýnist eins og fólk var svo fávíst að halda – maður eigi ekki að kaupa sér risabíl og risaskjá eða reisa sér fjögur hundruð fermetra einbýlishús nema maður sé auðkýfingur.

Því er svarað með því að vart hafi staðið önnur lán til boða á þessum tíma en gengistryggð lán

id svo gert það að engu svo að nú þurfi margir að greiða af tveimur eignum í einu.

Á móti er dregið ögn í land, og talað um að jú jú, auðvitað eigi að hjálpa fólk sem lent hafi slíku greiðsluvandræðum án þess að hafa sýnt af sér annað fyrirhyggjuleysi en að trúá þjónustufulltrúanum sínum, en sértækar lausnir hljóti að henta slíku fólk, frekar en ein allsherjar niðurfelling sem kannski bara gagnist þeim allra gálausustu eða þeim allra ríkustu.

Því er svarað með því að benda á að bönkunum sé ekkert treystandi í þeim efnum og það bjóði upp á

## AF NETINU

### Matur í poka handa öllum

En mér finnst ástæða til að ítreka að aðferðafræðin sem virðist vera notuð hjá Fjölskylduhjálpinni (og hugsanlega fleirum) er ekki góð. Engar tilraunir virðast gerðar til að kanna raunverulega þörf þeirra sem leita sér eftir mat. Ég hef tekið þátt í matvæladreifingu til hrakins fólks víða um heiminn og þá er grundvallarspurningin ævinlega hin sama: hverjir þurfa raunverulega á því að halda og hvernig er best að velja þá úr öllum hópnum sem leitar eftir matargjöfum? Oft er mikið munur þar á, jafnvel margfaldur. Eins og þetta kerfi er hér gæti ég þess vegna farið í biðröðina og fengið mat í poka þótt ég geti keypt hann sjálfur.

[umbiroy.blog.is](http://umbiroy.blog.is)

Ómar Valdimarsson

### Stolt þjóðarinnar laskað

Mér sýnist að allstór hluti milli-stéttarinnar hafi það þrátt fyrir allt sæmilega gott.

Ég hef á þessu ári starfa minna vegna orðið að aka mjög oft austur fyrir fjall og flesta daga vikunnar er bíll við bil seinni partinn frá Selfossi til Reykjavíkur. Fullt af fólk heldur áfram að fara í sumarbústaðina sína og aldrei hefur verið meiri aðsókn á dýra jólatónleika.

Jólahlaðborðin hafa sennilega aldrei verið fleiri.

En stolt þjóðarinnar, hin fjölmenna millistétt, er stórlega laskað og biðraðirnar hjá hjálparstofnunum þjóðarskömm ofan á alla skömmina sem við höfum haft af Hruninu og aðdraganda þess.

[omarragnarsson.blog.is](http://omarragnarsson.blog.is)

Ómar Ragnarsson

# Nú er rétti tíminn til að kaupa sér notaðan bílaleigubíl

## Opel Corsa

Tilboðsverð aðeins:  
**990.000 kr.**

Ásett 1.290.000 kr. – Bensín. Ekinn 97.000 km. Skráningardagur 26.06.08. Beinskiptur.

## Hyundai Santa Fe

Tilboðsverð aðeins:  
**2.890.000 kr.**

Ásett 3.390.000 kr. – Dísil. Ekinn 102.000 km. Skráningardagur 13.06.08. Sjálfskiptur 4X4.

## Nissan X-trail

Tilboðsverð aðeins:  
**2.290.000 kr.**

Ásett 2.680.000 kr. – Bensín. Ekinn 89.000 km. Skráningardagur 13.06.08. Sjálfskiptur 4X4.

## Nissan Pathfinder

Tilboðsverð aðeins:  
**3.950.000 kr.**

Ásett 4.590.000 kr. – Bensín. Ekinn 86.000 km. Skráningardagur 12.06.08. Beinskiptur 4X4.

## Nissan Micra

Tilboðsverð aðeins:  
**990.000 kr.**

Ásett 1.250.000 kr. – Bensín. Ekinn 93.000 km. Skráningardagur 13.06.08. Beinskiptur.

## Subaru Impreza

Tilboðsverð aðeins:  
**1.490.000 kr.**

Ásett 1.850.000 kr. – Bensín. Ekinn 84.000 km. Skráningardagur 03.07.08. Beinskiptur.

ÞETTA ER AÐEINS BROT AF ÚRVALINU HJÁ HEKLU



**NOTAÐIR  
BÍLAR**





**CLAUDE MONET MÁLARI** (1840-1926) lést þennan dag.  
„Fólk ræðir list mína og þykist skilja hana. Eins og það sé nauðsyn að skilja þegar allt sem þarf er að elska.“



**ÓÐUR TIL ÞJÓÐSKÁLDANNA** „Gamla íslenska bragfræðin lætur mér best,“ segir Andrés Eiríksson sem nýverið sendi frá sér ljóðabókina Ljóð á ráði.

## Rífst við þjóðskáldin og ABBA

„Ég hef alltaf verið ljóðaunnandi og ólst upp með mikið af ljóðabókum á heimilinu,“ segir Andrés Eiríksson sagnfræðingur sem nýverið sendi frá sér ljóðabókina Ljóð á ráði. „En það var ekki fyrr en maður óx upp og fór að fylgja með bókmennta-umræðu sem maður gerði sér grein fyrir því að það var oft gerður greinarmunur á alþýðukveðskap, sem var þá rímaður með stuðla og höfuðstafi, og módernískum kveðskap. Ég hafði aldrei velt þeim mun fyrir mér, las þetta bara allt jöfnum höndum. Svo þegar ég fór að reyna við þetta sjálfur valdi ég að hafa formið hefðbundið en nota nútímalegt talmál í ljóðunum og tvinna þetta svona saman.“

Ljóðin kallast mörg á við ljóð annarra skálda og jafnvel dægurlagatexta eftir Tammy Wynette, ABBA og fleiri. Er Andrési ekkert heilagt? „Mér finnst ég ekki vera að sýna þessum gömlu þjóðskáldum neina óvirðingu, þetta er miklu frekar óður til þeirra. Það er betra að gera eitthvað með þá, jafnvel rífast við þá heldur en geyma þá sem einhverja

safngripi sem duga bara til fermingargjafa.“

Ljóðin í bókinni eru að sögn Andrésar ort síðustu tvö og hálf árið. Hann kveðst hafa verið að setja saman kveðskap árum saman en ekki hugsað um það fyrr að halda ljóðunum til haga.

Andrés býr í Dublin þar sem hann vinnur sem sjálfstæður sagnfræðingur í samvinnu við Trinity College og University College. Hann hefur gefið út greinar um sagnfræði á ensku, en hefur honum aldrei dottið í hug að yrkja á ensku? „Nei, ekki geri ég það nú oft, en ég les mikið af enskum ljóðum. Gamla íslenska bragfræðin lætur mér best og ég hef líka tekið eftir því þegar ég hef verið að koma heim undanfarin ár að hún virðist eiga undir högg að sækja. Brageyraud er að hverfa hjá yngri kynslóðum og þeir einu sem halda gamla kveðskaparforminu við eru kvæðamenn og hagarðingar sem eru þá oft fastir í ákveðnu formi og einhverjum nítjándu aldar hómor, sem mér fannst að mætti nútímaæða,“ segir Andrés. - fsb

**ÞETTA GERÐIST: 6. DESEMBER 1985**

## Hafskip hf. lýst gjaldþrota

Föstudaginn 6. desember 1985 var Hafskip hf. lýst gjaldþrota og starfsfólki, rúmlega 350 manns, sagt upp. Allar eignir voru seldar helsta keppinautum Eimskipafélags Íslands. Samningur þess efnis, sem hljóðaði upp á 318 milljónir króna, var undirritaður 6. janúar 1986 milli þrotabúsins í umsjón borgarfrógeta og Eimskipafélagsins. Næsta dag gaf Seðlabankinn út yfirlýsingu þar sem hann sagðist skyldi tryggja skuldbindingar Útvegsbankans um sinn og að tap

Útvegsbankans næmi að minnsta kosti 350 milljónum. Á fundi þingflokks Framsóknarflokksins 9. desember var ákveðið að styðja það að full rannsókn færi fram. Á Alþingi sama dag fóru Jón Baldvin Hannibalsson og Steingrímur J. Sígússon, fyrir hönd stjórnarandstöðu, fram á að viðskiptaráðherra gæfi skýrslur um viðskipti Útvegsbankans og Hafskips. Þeim var lokið og gerð grein fyrir þeim á Alþingi vorið eftir.

Heimild: wikipedia.is



**RIFJAR UPP GAMLA TAKTA** „Blús og rokk eru náttúrulega svo náskyld fyrirbæri að það munar eiginlega nánast engu á þeim,“ segir Tómas M. Tómasson, bassaleikari Rífsberja.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**HIN GOÐSAGNAKENNDA RIFSBERJA: GENGUR Í ENDURNÝJUN LÍFDAGA Í KVÖLD**

## Áttu við vinsældir að stríða

Tómas Magnús Tómasson er að eigin sögn afkomandi Hjörns Hálfrekka-konungs og Ljúfvinu, dóttur Bjarmakonungs, en sonur þeirra var einmitt Hámundur heljarskinn sem settist að á Espihóli hinum syðri milli Merkgils og Skjálgdalsár. Tómas hefur ekki reynst neinn ættleri, hann hefur verið einn vinsælasti bassaleikari þjóðarinnar í áratugi. Þekktastur er hann fyrir leik sinn með Stuðmönnum en á sama tíma og Stuðmenn voru að komast á koppinn lék hann í hljómsveitinni Rífsberja, sem gengur í endurnýjun lífdaga á Café Rosenberg í kvöld.

„Já, þetta kom nú þannig til að hann Gylfi Kristinsson, söngvari og sálfræðingur í Hveragerði, smalaði okkur saman um daginn og við fórum í stúdíó og tókum upp nokkur lög að gamni,“ segir Tómas. „Og upp úr því kom fram þessi hugmynd að koma fram á tónleikum sem verður að veruleika í kvöld.“

Ekki er víst að allir lesendur átti sig á nafninu Rífsberja og Tómas fellst á að rifja upp söguna. „Það má eiginlega segja að Rífsberja hafi verið undanfari Stuðmanna,“ segir hann. „Þetta var hljómsveit sem við vorum í ég, Þórður Árna, Ásgeir Óskars og Gylfi Kristinsson. Stuðmenn voru náttúrulega orðnir til í Hamrahlíðinni á þessum tíma, en Rífsberja sló í gegn langt á undan þeim. Blómatímabilið stóð frá 1971 til 1973 og ég held ég megi segja að við höfum átt við töluverðar vinsældir að stríða á því tímabili. Við vorum bara ungir drengir, ég sautján og Þórður nítján ára, og vorum mikið í hörðu rokki sem vinsælt var á þeim tíma. Vorum að kovera Jimi Hendrix, Deep Purple og Black Sabbath og svona. Alger ábreiðuhljómsveit eins



**BLÓMATÍMABILÍÐ** Rífsberja í upphafi ferilsins. F.v. Þórður Arnason, Ásgeir Óskarsson, Tómas M. Tómasson og Gylfi Kristinsson.

og flestar hljómsveitir á Íslandi voru á þeim tíma.“

En nú eru tónleikarnir í kvöld blús-tónleikar, hvernig fellur þetta Rífsberja inn í það konsept? „Við erum búinir að sigta þetta programmið ansi hressilega,“ segir Tómas. „En blús og rokk eru náttúrulega svo náskyld fyrirbæri að það munar eiginlega nánast engu á þeim.“

Tónleikarnir í kvöld eru liður í blús-kvöldaröð Blúsfélags Reykjavíkur, en þau eru haldin fyrsta mánudag hvers mánaðar á Café Rosenberg. Auk Rífsberja kemur fram í kvöld hljómsveitin

Bandið hans pabba með söngkonunni Margrétu Guðrúnar. Bandið hans pabba er ekki langt frá Rífsberja, því pabbinn er enginn annar en Ásgeir Óskarsson trommuleikari. Tómas plokkar bassann og um gítarleikinn sér Björgvin Gíslason. „Þannig að fólk fær að heyrja í tveimur mestu gítarhetjum frá upphafi áttunda áratugarins á Rosenberg í kvöld,“ segir Tómas. „Það er tækifæri sem enginn ætti að sleppa. Ég lofa því að fjörið verður gríðarlegt.“

Tónleikarnir hefjast klukkan 21 og það kostar 1.500 krónur inn.

fridrikab@frettabladid.is



Ástkær eiginmaður minn, sonur okkar, faðir, tengdafaðir og afi,

**Bjarni Ragnarsson,**  
Bræðratungu 24, Kópavogi,

verður jarðsúnginn frá Digraneskirkju kl. 15.00 þriðjudaginn 7. desember. Þeim sem vildu minnast hans er bent á líknarstofnanir.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,  
Sigurveig Helga Hafsteinsdóttir  
Steinvör Bjarnadóttir  
María Bjarnadóttir  
Steinar Bjarnason  
Anetta Rós Bjarnadóttir  
og barnabörn.

Ragnar Þorsteinsson  
Daði Már Ingvarsson  
Christian Svorkmo



### Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

**MOSAÍK** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík  
Sími 587 1960 www.mosaik.is





**Mikilvægt** er að muna að taka aldrei gæludýr inn á heimilið nema að vel athuguðu máli, þar sem um framtíðarákvörðun er að ræða sem krefst bæði kostnaðar, sem hlýst til dæmis af ormahreinsunum og bólusetningu, og mikillar skuldbindingar.

# ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

friendtex

😊 **ÚTSALAN** 😊

**ER HAFIN**

**Á HAUST OG VETRARLISTA FRIENDTEX 2010**

Opnunartími:  
mánud. - föstud. kl. 11.00 - 1800. laugardaga 11.00 - 16.00  
Kíktu – það er þess virði

Bonito ehf. Friendtex,  
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

weber



**Frábært úrval af gjafavörum frá Weber**

Söluáðilar.: Járn og gler hf - Garðheimar - Húsasmíðjan - Búsáhöld  
Kringlunni - Pottar og Prik Akureyri. [www.weber.is](http://www.weber.is)

Auglýsingasími

**512 50 50**



Allt sem þú þarft...

Bryndís Jónsdóttir húsfreyja er fagurkeri sem leggur mikla alúð í uppsetningu jólaskratts á heimilinu.



**Hálfgerðir helgigripir**

Eftir því sem aldurinn færast yfir handleikur maður hlutina með meiri lotningu og þakkar fyrir þær minningar sem þeim tengjast," segir Bryndís Jónsdóttir brosandí meðan hún stillir jólamunum upp á stofuskápinn og hengir óróa neðan í ljósakrónuna. „Margt af þessu eru vinargjafir sem góður hugur fylgdi," segir hún.

HEIMILI | 2

**IQ-CARE**  
Ein besta heilsudýna í heimi

**Svefn & heilsa**  
★★★★★

**Sofðu vel um jólin**



**IQ-Care heilsudýnur.**  
Verð Queen 153x203 cm á íslenskum botni **179.900 kr.**

**Íslenskur höfuðgafi 84.900 kr.**  
(Sé keypt rúm fæst 20% afsláttur af höfuðgafi og fylgihlutum.)



**BOAS**  
Leður hægindastóll. **79.900 kr.**

**Sjónvarpssófi 3 sæta**  
Frá **169.900 kr.**  
Svefnsófi frá **169.900 kr.**



Úrval af stillanlegum rúmum.  
2x80x200 cm með okkar bestu IQ-care heilsudýnu.  
Frá **339.900 kr.**

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150  
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

[www.svefn.is](http://www.svefn.is)





**Compeixalaigua** hönnunarstúdíó í Barcelona hefur hannað sniðugar silikonskálur. Bæði er hægt að nota þær eins og venjulegar skálur, en einnig er hægt að klemma þær saman og nota til að gufusjóða mat. Skálarnar voru hannaðar fyrir fyrirækið Lékúé.

**LAGERSALA**  
KRISTALL - GLER - POSTULÍN  
NÚPALIND 1 - HVERAFOLD 1-3  
HAFNARGATA 50  
KEFLAVÍK

*Jólasvuntur  
Jóladúkar  
Jólapúðar*

Vefverslun  
[www.lindesign.is](http://www.lindesign.is)  
Sendum frítt

**Lin**  
DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 sími 533 2220 [www.lindesign.is](http://www.lindesign.is)



Burstabærinn minnir Bryndísi á Svínafelli í Öræfum þar sem hún var í sveit. „Þar var búið í tveimur burstum, gamla eldhúsið var vestan við en skemman austan við og reyndar fleiri hús,“ rifjar hún upp.

#### Framhald af forsíðu

Upplýst kirkja og sveitabær, ásamt jólajötu eru stærstu hlutirnir á skápnum en innan um eru margir minni. „Þetta hefur safnast upp í árána rás og farið á þennan stað sem hálfgerðir helgigríp-ir hjá mér,“ segir Bryndís sem kann sögu á bak við hvern hlut. „Kirkjan er um fimmtíu ára og minnir á Landakirkju sem var okkar kirkja meðan við bjuggum í Vestmannaeyjum. Jólaveinninn og snjókarlinn við kirkjuna eru leikföng sem elstu barnabörnin voru hrifin af, þeir voru með batteríum og trítluðu um borðin. Englakórinn kom svo í jólapakka frá Sigurínu systur minni um 1960.“

Sveitabærinn snertir Bryndísi tilfinningalega enda frá móður hennar kominn. „Hann er ekkert ósvipaður bænum í Svínafelli í Öræfum þar sem ég var í sveit,“ segir hún glaðlega. „Mér finnst ég geta verið þar í hlaðvarpanum þegar ég horfi á hann.“

Jón Björnsson, eiginmaður Bryndísar, smíðaði Betlehemsfjárhúsið fyrir um þrjátíu árum. „Jólaguðspjallið er mér heilagt og ég lít á boðskap frelsarans sem vegvísi í mannlegum samskiptum, ef ég má vera svo háfleyg,“ segir Bryndís og hagræðir litlum styttem um jóta.

Lítill sveitabær sem sonurinn Björn kom með heim af barnaheimili þriggja ára og örmárr jóla-sveinn sem var fyrsta jólagjöf frá elstu dótturinni Dóru Björk, gleðja Bryndísi og Kertasníkir sem situr keikur framan við sveitabæinn minnir hana á skemmtilegt atvik á aðfangadag þegar sonardóttirin var lítil. „Afi telpunnar kom inn í gerfi jólasveins og heimitaði af henni kerti en laumaði líka að henni pakka. Hún var þrumu lostin fyrst en varð svo himinlifandi yfir gjöfinni og sýndi mér hana. Fór svo að leita að afa sínum og fann hann undir sæng. Hann hafði rífið af sér grímuna og búninginn og þóttist steinsofa.“

Allt þetta kveðst Bryndís rifja upp þegar hún kemur hlutunum fyrir. „Svo pakka ég þessu niður með hálfgerðum söknuði eftir hátíðarnar með von um fleiri yndisleg jól.“



Bryndís málaði kirkjuna í fyrra og bjó til nýjan kross á hana.



Jón skar út fólk og fé úr krossviði en þegar María mey féll um koll eitt árið kom Bryndís styttem af Maríu, Jósef og Jesúbarninu í húsaskjól í fjárhúsinu.

**GRÆNN MARKAÐUR** ALLT TIL GJAFAINNPÖKKUNAR

- \* Jóla og Silkipappír \* Sellófan \*
- \* Krulluborðar og Satinborðar \*
- \* Gjafapokar \* Pakkaslaufur \*
- \* Vínöskjur og vínpokar \*
- \* Gjafaöskjur \* Körfur \* Ofn. \*

Eingöngu sala til fyrirtækja Opið 08.00-16.00  
[www.flora.is](http://www.flora.is) [info@flora.is](mailto:info@flora.is) Réttarhálsi 2 110 Rvk Sími: 535-8500

## TVEIR STÓRGLÆSILEGIR - PUSH UP HALDARAR FYRIR STÓRAR OG SMÁAR



teg. GINA - sá minni í A,B,C,D,DD skálum sá hinn stærri í C,D,DD,E,FFF,G skálum, báðir á kr. 7.680,  
- buxur fást í stíl á kr. 2.990,-

**Misty** - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366  
Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.  
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.  
[www.misty.is](http://www.misty.is)  
Vertu vinur



### VETRARDAGAR

**20%  
AFSLÁTTUR  
AF SPARIFATNAÐI**

**B|A|S|L|E|R**

Skipholti 29b • S. 551 0770

## Japanskt postulín Hayon

SKEMMTILEG BLANDA NÚTÍMAHÖNNUNAR OG FORNAR JAPANSKRAR SKREYTLISTAR.

Spænski hönnuðurinn Jaime Hayon hefur hannað línu af postulínsvörum fyrir japanska fyrirtækið Maruwakaya. Vörurnar vann hann í samstarfi við Kamide Choemon-gama postulínsverk-smiðju sem er mjög virt í Japan enda stofnuð árið 1879. Í vörnum mætist nútíminn í hönnun Hayon og þjóðleg japönsk skreytlist. Líklegt er að samstarfinu verði fram haldið og því ljóst að von er á fleiri fallegum munum úr smiðju Hayon með japönsku ívafi.



Postulínsskálur og vasar Hayons eru innblásnir af japönskum hefðum.



# híbýli og viðhald

MÁNUDAGUR 6. DESEMBER 2010




FRÉTTABLAÐIÐ

MYND/BALDUR ÓXDAL



### ● RAKABLETTIR Í BAÐHERBERGI

Baðherbergið er oft minnst herbergi hússins en getur þó verið það dýrast í viðhaldi. Þar er oft mikill raki og lagnirsem geta orðið til vandræða. Mikilvægt er að setja ekki klæðningu eða dúk yfir svæði þar sem sýnileg rakaskemmd er þó bletturinn sé þá kannski ekki sýnilegur lengur leynist hann undir og líklegt að hann valdi enn frekari usla. Sjáanlegar rakaskemmdir, svartir blettir, er þó stundum einfaldlega hægt að þrifa í burtu og þarf ekki að þýða að um undirliggjandi skemmd sé að ræða. Sé slíkt ekki hægt þarf að finna út hvaðan rakinn kemur.



### ● PARKETIÐ ÞARF TÍMA

Varast ber að líma parket niður strax og það kemur í hús, það þarf að fá að standa í rýminu og ná umhverfishita. Gegnheilt parket er yfirleitt úr þéttum og hörðum viðartegundum og það er góð regla að láta það standa í líminu í tvær til þrjár vikur áður en það er slípað. Með þessu verklagi má einnig telja víst að viðurinn hafi náð að aðlagast sig umhverfi sínu og hætta á hreyfingu sé hverfandi. Athugið að það er til lítils að láta efnið standa í þéttum pakningum í rýminu þar sem það skal lagt, jafnvel í þéttum plastumbúðum því að þá nær það ekki aðlögun að rakastigi umhverfisins. Beta er að byrja að líma það á gólfíð þegar það hefur náð umhverfishita og gefa því síðan aðlögun á gólfinu ofangreindan tíma.



Heimild: egillarnason.is



Björn segir mikilvægt að afla sér upplýsinga um eldvarnir á heimilum, enda fari senn í hönd sá tími þegar slys af völdum bruna eru algengust.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Bættar brunavarnir á heimilum landsmanna

Senn fer í hönd sá tími þegar notkun rafmagnstækja og kerta nær hámarki og því mikilvægt að huga vel að brunavörnum.

Slys af völdum bruna eru algengust í kringum jól og áramót. Björn Karlsson brunamálastjóri segir mikilvægt að á hverju heimili séu því lágmarksbrunavarnir til að koma í veg fyrir að slys.

„Allir ættu að eiga brunavarnatæki á sínu heimili, slökkvitæki, eldvarnarsteppi í námunda við eldavél og reykskynjara helst í hverju herbergi. Reykeitrin er algengasta orsök dauðsfalla af völdum eldsvoða, enda nær reykurinn langt og því eru reykskynjarar ódýr en áhrifarík lausn,“ bendir Björn á og minnir á að ganga þurfi úr skugga um að rafhlöðurnar í reykskynjurum virki.

Hann bætir við að líka sé brýnt að hafa eftirfarandi forvarnir í

huga. „Áríðandi er að slökkva alltaf á kertum, setja kertaskreytingar aldrei ofan á túbusjónvarp, passa upp á rafmagnsmálin með því að skoða vel fjöltengi og vera viss um að lekastraumsrofinn á rafmagnstöflunni virki, það er einfaldlega gert með því að ýta á hann. Loks má ekki skilja eldavél eftir í gangi en því miður er of algengt að fólk flaski á þessu atriði.“

Björn segir þessi og fleiri ráð að finna í handbók um eldvarnir heimilisins sem Eldvarnabandalagið gaf nýverið út og Félag fasteignasala hefur tekið að sér að dreifa til allt að 4.000 húsnæðis kaupenda á næsta ári. Að bandalaginu standa ýmsir aðilar sem láta sig brunavarnir varða auk Brunamálastofnunar, og er handbókin liður í eldvarnaátaki sem þeir réðust í fyrir á árinu.

„Samhliða því hafa slökkviliðsmenn heimsótt níu ára börn í alla grunnskóla landsins í nóvember og upprætt þau um brunavarnir,“

segir Björn og getur þess að mikill árangur hafi náðst af þessari árvissu fræðslu, sem var fyrst farið af stað með fyrir tuttugu árum að undirlagi Guðmundar Vignis Óskarssonar, fyrrverandi formanns og framkvæmdastjóra Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, LSS. „Þessi fræðsla ásamt auðvitað fleiri atriðum á sinn þátt í því að helmingi færri dauðsföll og helmingi minna fjárhagslegt tjón verður af völdum eldsvoða hér heldur en í nágrannalöndunum. Þess vegna er mikilvægt að standa sig áfram vel.“

Hægt er að nálgast allar helstu grunnupplýsingar um eldvarnartæki og eldvarnir heimilanna á heimasíðum þeirra sem eiga aðild að Eldvarnabandalaginu, þeir eru auk Brunamálastofnunar: Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, Félag slökkviliðsstjóra, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og tryggingafélagin fjögur.

-rve



Sundlaugin á Hofsósi.

## Tilnefnd til verðlauna

Dómnefnd skipuð þremur íslenskum arkitektum valdi fimm verk sem fulltrúa Íslands í keppni sem kennd er við arkitektinn Mies van der Rohe. Verðlaun Evrópusambandsins og stofnunar í Barcelona eru án vafa eftirsóttust allra viðurkenninga í byggingarlist í Evrópu. Í dómnefndinni voru arkitektarnir Jóhann Einarsson, Dagný Helgadóttir og Egill Guðmundsson en verkin voru:

- Snæfellsstofa í Vatnajökulspjögargarði en höfundar hennar eru Arkís

arkitektar, Birgir Teitsson, Arnar Þór Jónsson, Lárus Guðmundsson.

- Sundlaug á Hofsósi en höfundar hennar eru Basalt arkitektar/VA arkitektar, Sigríður Sigþórsdóttir, Marcos Zotes Lopes, Rósa Dögg Þorsteinsdóttir, Jóhann Harðarson, Stefania Sigfúsdóttir.
- Viktarhús í Þorlákshöfn, höfundar eru Yrki arkitektar og Mannvit hf.
- Krikaskóli í Mosfellsbæ eftir Enrum arkitekta og Suðaustanáttu.
- Einbýlishús í Garðabæ eftir arkitekta Kurtogpi.

**Við bjóðum frábært verð**

Umfelgun á fólksbíl 5490.- á smájeppa 6490.-

**Til eldri borgara:**

Umfelgun á fólksbíl 4900.- á smájeppa 5900.-



SUNNY TIRES

**VDO**  
Borgardekk

Borgartún 36 | 105 Reykjavík | Sími: 588-9747 | Fax: 588-9722 | verslun@vdo.is

### ● HVERJIR GETA SÓTT UM STYRK ÚR HÚSAFRÍÐUNAR-SJÓÐI?

Hlutverk sjóðsins er að veita styrki til viðhalds og endurbóta á friðuðum húsum og mannvirkjum, en heimilt er að veita styrki til annarra húsa sem teljast hafa menningarsögulegt gildi og/eða byggingarsögulegt eða listrænt gildi. Mikilvægt er að hafa í huga að styrkveiting er háð því að farið sé eftir uppráttum og áætlunum sem Húsafríðunarnefnd ríkisins samþykkir, að verklag samræmist kröfum nefndarinnar og að iðnmeistarar sem verkið vinna séu viðurkenndir af nefndinni.

Heimild: hrfn.is



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN





## Sama tilboð og alltaf - Fyrirmyndar þjónusta

Bogi Pétursson lögg. fasteignasali  
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali  
Andri Sigurðsson lögg. leigumiðlari

Sími 530 6500  
heimili@heimili.is

Erum með fjölda eigna á skrá þar sem fólk er tilbúið að skoða ýmis skipti. **Hafðu samband** við okkur og kannaðu möguleika á eign í makaskiptum. Þú gætir verið komin í hentugri eign áður en þú veist af.

Á Heimili fasteignasölu starfa eingöngu öflugir löggiltir fasteignasalar, með áratuga reynslu í fasteignasölu, sem eru tilbúnir að vinna fyrir **PIG!** Við leggjum áherslu á vönduð og traust vinnubrögð með hagsmuni þína að leiðarljósi.



heimili  
FASTEIGNASALA



Ármúla 19 – Sími 575-8500 Pálmi Almarsson, lögg.fasteignasali

### MJÖG MIKIL SALA - VANTAR EIGNIR Á SKRÁ

Vegna mikillar sölu vantar okkur eignir á skrá. Höfum á skrá áhugasama kaupendur sem biða eftir réttu eigninni. Ef þú ert í söluhugleiðingum hafðu þá sambandi við sölumenn okkar í síma 575-8500  
Fasteignamiðlun í 30 ára, fasteignamiðlun.is.

Húsið að utan er í góðu ástandi. Lóð er fullfrágengin með hellulagðri innkeyrslu og stéttum framan við húsið með hitalögnum undir.



## Vel staðsett endaraðhús

Fasteignamarkaðurinn er með til sölu endaraðhús við Lindasmára 65 í Kópavogi.

Fasteignin er 173 fermetra endaraðhús á tveimur hæðum, stendur innst í botnlanga og við opið svæði. Hún er skipulögð með eftirfarandi hætti. Komið er inn í flísalagða forstofu með fatahengi. Inn af henni er flísalagt þvottaherbergi með glugga og innréttingum. Hol er flísalagt. Gestasalerni er við hol, flísalagt gólf og veggir. Eldhús er flísalagt, með innréttingum úr kirsuberjaviði með tengi fyrir uppþvottavél og góðri borðaðstöðu. Samliggjandi parketlagðar, bjartar og rúmgóðar stofur

með flísalögðum sólskála til suðurs. Úr sólskála er útgangur á stóra víðarverönd til suðurs með skjólveggjum. Stórt parketlagt herbergi sem hægt er að opna við stofur. Innfelld lýsing er í loftum neðri hæðar.

Á efri hæð hússins er gengið um steiptan, parketlagðan stiga. Komið er í parketlagt sjónvarpshol. Tvö rúmgóð parketlögð barnaherbergi. Baðherbergi er með glugga og innréttingum, granítlagt gólf og flísalagðir veggir. Bæði er baðkar og flísalagður sturtuklefi í baðherbergi auk handklæðaofns. Hjónaherbergi er rúmgott, parketlagt og með fataherbergi inn af.

Bílskúrin er með hita og rafmagnni.

Sölumenn:

Viðar Ingi Pétursson  
Sími: 512-5426  
vip@365.is

Hrannar Helgason  
s. 512 5441  
hrannar@365.is

### FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísir eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...



Einar Páll Kjærnestad  
lögg. fasteignasali.  
einar@fastmos.is



KJARNA - ÞVERHOLT 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081  
WWW.FASTMOS.IS

### Brúnastaðir 52 – Einbýli



198,3 m2 einbýlishús á einni hæð við Brúnastaði 52 í Reykjavík. Íbúðin er skráð 159,8 m2 og bílskúrin 38,5 m2. Eignin skiptist í forstofu, baðherbergi/þvottahús, fjögur herbergi, þvottahús, búr, eldhús, baðherbergi, stofu, borðstofu og bílskúr. Húsið þarfnast standsetningar. Eignin er laus til afhendingar strax! V. 43,6 m.



Stórikriki 2, Mos - 3 og 4ra herbergja íbúðir  
Nýjar og glæsilegar 3 og 4ra herbergja íbúðir í 3ja hæða lyftuhúsi með bílakjallara við Stórikrika 2 í Mosfellsbæ. Íbúðirnar eru tilbúnar til afhendingar með fallegum eikarinnréttingum. Flísar og parket eru á gólfum. Verð frá 24,6 m. 4887



Fálkahöfði - 3ja herbergja m/bílskúr  
Vorur að fá í einkasölu fallega 91 m2, 3ja herbergja íbúð með sér inngangi á 2. hæð ásamt 27,6 m2 bílskúr. Eikar innréttingar og eikarparket og flísar á gólfum. fallegt útsýni. Golfvöllur, sundlaug, leikskóli og skóli í næsta nágrenni.  
V. 23,5 m. Verð íbúðar án bílskúrs 20,7 m. 5035



Miðholt - 2ja herbergja  
Falleg 47,5 m2, 2ja herbergja íbúð á 3. hæð í þriggja hæða fjölbýli við Miðholt í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofuhol, baðherbergi, svefnherbergi, eldhús og stofu. Íbúðinni fylgir geymsla á sömu hæð með glugga. Íbúðin er staðsett í hjarta Mosfellsbæjar og er örstutt í alla þjónustu, samgöngur og skóla.  
Eignin er laus til afhendingar strax! V. 12,9 m. 5052



Búagrund - Parhús  
88 m2 parhús á einni hæð við Búagrund á Kjalamesi. Eignin skiptist í forstofu, þvottahús/geymslu, hol, tvö svefnherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. Gott geymsluloft er í húsinu. Timburverönd í suður. V. 19,9 m 5057

### Skeljatangi - 3ja herbergja



Falleg 84,9 m2, 3ja herbergja endaíbúð á 2. hæð í litlu 8 íbúða fjölbýli með sérinngangi við Skeljatanga í Mosfellsbæ. \*Auðveld kaup - 300 þúsund kr. Útborgun og yfirtaka á láni. Áhvalandi eru ca. 20.600.000 kr. Lán frá Arion banka með 4,85% vöxtum - greiðslubyrði ca. 100 þúsund kr. á mánuði. Íbúðin getur verið laus til afhendingar með skömmum fyrirvara.  
V. 20,9 m. 5058

### Hofakur 1 - 2ja herb.m/stæði í bílageymslu



Mjög falleg 2ja herbergja, 118,9 m2 íbúð á jarðhæð ásamt stæði í bílageymslu, við Hofakur 1 í Garðbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, rúmgott svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu og borðstofu. Íbúðinni fylgir bílastæði og sérgeymsla í bílakjallara. Rúmgóð og glæsileg íbúð með fallegum innréttingum. Parket er á öllum gólfum nema í forstofu, þvottahúsi og baðherbergi, þar eru flísar. Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning og afhendist hún nýmáluð.  
V. 26,9 m. 5069

### Spóahöfði - Raðhús



Mjög fallegt 153,6 m2 raðhús á einni hæð m/bílskúr við Spóahöfða 11 í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í forstofu, hol, eldhús m/góðum borðkrók, rúmgóða stofu, sjónvarpshol, tvö barnaherbergi, hjónaherbergi, baðherbergi m/sturtu og geymslu/þvottahús. Rúmgóður bílskúr með geymslulofti. Hellulagt bílplan fyrir framan húsið og timburverönd og garður í suðurátt.  
V. 37,8 m. 5064



# FASTEIGNASALAN MIKLABORG

569-7000 | Síðumúli 13 | [www.miklaborg.is](http://www.miklaborg.is)



Óskar R. Harðarson hdl. og lögg. fasteignasali  
Jason Guðmundsson hdl. og lögg. fasteignasali  
Ragna S. Óskarsdóttir MBA Löggiltur fasteignasali,  
Halldór Ingi Andrússon, lögg. fasteignasali  
Guðrúnu Pétursdóttir skjalagerð  
Hilmar Jónasson sölufulltrúi  
Heimir H. Eðvarðsson sölufulltrúi  
Elin Viðarsdóttir lögg. fasteignasali  
Ólafur Finnbogason sölufulltrúi

## GÓÐ EIGN ÓSKAST KEYPT Í LAUGARÁS/TEIGAHVERFI - BEIN KAUP

Erum að leita að góðri eign í nágrenni Laugardalsins í Reykjavík fyrir öruggan kaupanda. Einbýlishús helst 180-300 fm. Áhugasamir hafi samband við Halldór Inga Andrússon, löggiltan fasteignasala, í síma 897 4210 eða [halldor@miklaborg.is](mailto:halldor@miklaborg.is)

### Opið hús 6. des milli 17-18



### Fellahvarf 2

Glæsileg 136fm efri hæð Einstakt umhverfi við Elliðaárvatn Vandaðar innréttingar og gólfefni

Inn fyrir jólin!

Sérhæð v. 36,9 m.



### Hraunbær

Björt 3ja herbergja Yfirtakanleg lán, ca 13 milljónir Vel viðhaldið fjölbýli Suðursvalir

3ja v. 17,9 m.



### Marbakkabraut

**KÖRFUBOLTI** „Við vildum senda smá skilaboð á móti þessu liði. Við gerðum það svo sannarlega ekki á jákvæðan hátt í Hveragerði,“ sagði Hrafn Kristjánsson, þjálfari KR, eftir að hans menn unnu Hamar 99-74 í gær og tryggðu sér þar með sæti í átta liða úrslitum bikarsins.

KR-ingar biðu lægri hlut þegar liðin mættust í deildinni í Hveragerði en annað var uppi á teningnum í gær. Þeir voru yfir allan tímann og sigurinn aldrei í hættu.

„Leikplanið gekk mjög vel. Varnarleikurinn var að mestu mjög góður, við fengum aðeins 39 stig á okkur í fyrri hálfleik í mjög hröðum leik. Þeir voru að setja þó nokkuð mikið samt af erfiðum stigum og við getum verið mjög ánægðir. Þegar þetta lið spilar liðsvarnarleik og menn eru að hjálpa hver öðrum þá er erfitt að mæta okkur,“ sagði Hrafn.

Heimamenn byrjuðu mun betur, náðu strax góðri forystu en slökuðu svo lítillega á svo Hamar náði að saxa á forskotið. En þá setti KR aftur í réttan gír og sigldi leiknum örugglega í höfn. Brynjar Þór Björnsson var stigahæstur KR-inga en Fannar Ólafsson átti einnig flottan leik.

„Við ætlum okkur alla leið í þessari keppni. Það var gefið út strax í upphafi tímabils að við ætluðum að berjast um alla titla sem í boði eru. Þetta er einn af þeim áföngum sem við þurfum til að ná því og nú vonast ég bara eftir heimaleik í næstu umferð,“ sagði Fannar.

Ágúst Björgvinsson, þjálfari Hamars, var langt frá því að vera sáttur við sitt lið.

„Við spiluðum engan veginn



ÖFLUGUR Pavel Ermolinskij átti flottan leik með KR eins og venjulega.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

nægilega vel í þessum leik. Við eigum að geta barist betur og spilað betri vörn. KR er að skora alltof mörg stig hér í upphafi leiks. Svo fylgdi því deyfð að vera undir og menn fóru of mikið að einblína

á stöðuna í stað þess að einblína á spilamennskuna.“

Þess má geta að þrír dómarmændu leikinn í gær og var einn dómari kona, Josefin Winther frá Noregi. [elvalgeir@frettabladid.is](mailto:elvalgeir@frettabladid.is)



18.900 kr.

Lumex  
 Skippholti 37  
 Sími 568 8388  
[www.lumex.is](http://www.lumex.is)

LUMEX

## VERTU TIL... ... ÞVÍ ALPARNIR KALLA Á ÞIG!

**Frábært skíðatilboð!**

Vika á skíðum í Madonna á Ítalíu frá **127.900 kr.**  
 Verð á mann m.v. 5 fullorðna í viku í íbúð á Residence Ambiez  
 Brottför: 26. feb 2011

**Ath!**  
 Ef þú bókar skíðaferð hjá okkur þá látum við bera undir skíðin þín og brýna kantana frítt hjá Útilífl!

**ÚRVAL-ÚTSÝN**  
 MEIRA Á [urvalutsyn.is](http://urvalutsyn.is)



BARÁTTA Víkingar máttu sín lítills gegn sterku liði Akureyrar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Víkingur var engin fyrirstaða fyrir Akureyringa:

## Greið leið í undanúrslit

**HANDBOLTI** Akureyringar flugu auðveldlega inn í undanúrslit bikarsins með því að leggja Víkinga á útivelli með sextán marka mun. Norðanmenn voru í miklum ham í hröðum sóknun sínum og voru einfaldlega alltof stór biti fyrir Víkinga sem eru að ströggla í 1. deildinni.

„Þetta var skyldusigur hjá okkur. Við komumst í 4-0 en byrjuðum svo að slaka á. Svo mættum við bara í seinni hálfleikinn og keyrðum yfir þá,“ sagði markvörðurinn Sveinbjörn Pétursson eftir leikinn en fimm marka munur var á liðunum í hálfleik.

„Við spiluðum sterka vörn og vorum skynsamir í sóknarleiknum, þetta var þægilegur sigur en við komum inn í þennan leik af 100% krafti. Við stefnum alla leið í þessari keppni eins og öðrum en þetta er bara eitt skref í áttina að því.“

Nokkurt ósamræmi var í dóm-gæslunni og fannst heimamönnum á sig hallað. Jóhann Reynir Gunnlaugsson var kominn með útilokun eftir tæplega fimmtán mínútna leik þegar hann fékk sína þriðju brottvísun og skömmu síðar fékk varamannabekkur Víkinga tvær mínútur fyrir að mótmæla dóm-gæslunni.

Akureyri heldur áfram á sigurbraut, hafði undirtökin og aðeins formsatriði fyrir liðið að klára seinni hálfleikinn. Róbert Sig-hvatsson, þjálfari Víkinga, segist taka jákvæðu punktana úr leiknum. „Þetta var ekkert of stórt fyrir okkur, þetta var bara gaman fyrir okkur. Þetta er fínt fyrir ungu strákana að fá að mæta svona sterku liði og gefur þeim reynslu,“ sagði Róbert sem telur að þessi leikur muni hjálpa sínu liði í baráttunni fram undan í deildinni.

- egm

## ÚRSLIT

### Powerade-bikar karla:

**Snæfell-Njarðvík 97-98**  
 Snæfell: Ryan Amaroso 28, Sean Burton 21, Jón Ólafur Jónsson 19, Emil Þór Jóhannsson 11, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 10, Atli Rafn Hreinsinn 3, Egill Egilsson 3, Sveinn Arnar Davíðsson 2.  
 Njarðvík: Christopher Smith 29, Guðmundur Jónsson 21, Jóhann Árni Ólafsson 14, Magnús Þór Gunnarsson 9, Páll Kristinnsson 6, Lárus Jónsson 6, Rúnar Ingi Erlingsson 5, Friðrik Stefánsson 5.

### Powerade-bikar kvenna:


**Fjölínir-Keflavík 61-89**

### Eimskipsbikar karla:

**Víkingur-Akureyri 18-34 (11-16)**  
 Mörk Víkinga (Skot): Benedikt Karl Karlsson 4 (5), Brynjar Loftsson 3 (5), Jón Hjálmarsson 3 (7), Sverrir Hermannsson 3/1 (10/2), Jóhann Reynir Gunnlaugsson 2 (3), Kristinn Guðmundsson 2 (3), Óttar Filipp Pétursson 1 (4).  
 Varin skot: Jón Árni Traustason 5, Halldór Rúnarsson 4.  
 Mörk Akureyrar (skot): Bjarni Fritzon 12/4 (14/4), Oddur Gretarsson 8/1 (10/1), Bergvin Gíslason 4 (5), Geir Guðmundsson 2 (2), Heimir Árnason 2 (3), Hördur Sigþórsson 2 (5), Daniel Örn Einarsson 1 (1), Guðlaugur Arnarson 1 (1), Jón Sigurðsson 1 (2), Hlynur Matthíasson 1 (2).  
 Varin skot: Sveinbjörn Pétursson 15, Stefán Guðnason 8/2.  
**Fram-Haukar 32-31**  
 Mörk Fram: Andri Berg Haraldsson 6, Haraldur Þorvarðarson 5, Róbert Aron Hostert 5, Magnús Stefánsson 4, Einar Rafn Eidsönn 4, Halldór Jóhann Sigfússon 3, Matthías Daðason 3, Arnar Birkir Hálfánsson 1.  
 Mörk Hauka: Björgvin Hólmgeirsson 6, Guðmundur Árni Ólafsson 6, Þóður Guðmundsson 5, Stefán Rafn Sigurmannsson 4, Freyr Brynjars-son 4, Heimir Óli Heimisson 3, Tjórví Þorgeirsson 1, Jónatan Jónsson 1, Einar Örn Jónsson 1.  
**Selfoss-Valur 25-29 (14-12)**  
 Mörk Selfoss: Ragnar Jóhannsson 10, Guðni Ingvarsson 4, Atli Einarsson 3, Guðjón Drengsson 2, Helgi Héðinsson 2, Gunnar Jónsson 2.  
 Mörk Vals: Valdimar Þórsön 14, Orri Freyr Gíslason 5, Anton Rúnarsson 5, Sturla Ásgeirsson 2, Einar Guðmundsson 1, Emri Hrafn Arnarson 1, Sveinn Sveinsson 1.



WORLD  
WARCRAFT  
CATAclysm



Tryggðu þér eintak í kvöld!

Opnum kl 20.00!

Biðin er á enda!

SALAN HEFST Í  
KVÖLD KL 22:00!

Sama hvað verðið er annarstaðar, Gamestöðin verður ódýrari í kvöld!



GAME  
STÖÐIN



SPILAÐU MEIRA  
- BORGADU MINNA

Kvart Dúsin af Mountain Dew fylgir hverjum leik!





## ÚRSLIT

## Enska úrvalsdeildin:

WBA-NEWCASTLE	3-1
1-0 Somen Tchoyi (31.), 2-0 Peter Odemwingie (70.), 3-0 Peter Odemwingie (89.), 3-1 Peter Lövenkrands (90.)	
SUNDERLAND-WEST HAM	1-0
1-0 Jordan Henderson (33.)	
ARSENAL - FULHAM	2-1
1-0 Samir Nasri (13.), 1-1 Diomansy Kamara (29.), 2-1 Samir Nasri (74.), 2-1 Samir Nasri (75.)	
BIRMINGHAM CITY - TOTTENHAM	1-1
0-1 Sebastian Bassong (18.), 1-1 Craig Gardner (80.)	
BLACKBURN - WOLVES	3-0
1-0 David Dunn (28.), 2-0 Brett Emerton (42.), 3-0 Ryan Nelsen (54.)	
CHELSEA - EVERTON	1-1
1-0 Didier Drogba (41.), 1-1 Jermaine Beckford (85.)	
MANCHESTER CITY - BOLTON	1-0
1-0 Carlos Tevez (3.)	
WIGAN ATHLETIC - STOKE CITY	2-2
0-1 Robert Huth (17.), 1-1 Antolon Alcaraz (29.), 1-2 Matthew Etherington (30.), 2-2 Tom Cleverley (39.)	
<b>STAÐA EFSTU OG NÆSTU LIÐA:</b>	
<b>Arsenal</b>	<b>16 10 2 4 34-18 32</b>
Man. United	15 8 7 0 35-16 31
<b>Chelsea</b>	<b>16 9 3 4 30-11 30</b>
Man. City	16 8 5 3 21-12 29
<b>Tottenham</b>	<b>16 7 5 4 24-21 26</b>
<b>Fulham</b>	<b>16 2 9 5 16-20 15</b>
Wigan Athletic	16 3 6 7 13-28 15
<b>West Ham</b>	<b>16 2 6 8 14-27 12</b>
Wolves	16 3 3 10 17-30 12

Arsenal skaut á topp ensku úrvalsdeildarinnar um helgina en Chelsea heldur áfram að basla:

## Leikmenn Chelsea virðast vera hræddir

**FÓTBOLTI** Man. Utd lék ekki um helgina þar sem heimavöllur Blackpool var frosinn. Arsenal nýtti tækifærið og skaut á toppinn með sigri á Fulham á meðan Chelsea mistókst enn og aftur að klára sinn leik.

Samir Nasri hefur verið í frábæru formi í vetur og hann sá um að afgreiða Fulham með tveimur góðum mörkum og uppskar hrós frá stjórnunum, Arsene Wenger, eftir leikinn.

„Mörkin hjá honum voru frábær og ég gleðst með honum. Hann hefur bætt leik sinn mikið og er orðinn fjölbærari. Það er að skila sér til liðsins. Stjóri vill alltaf ná sem mestu úr sínum leikönnum og ég hafði alltaf mikla trú á Nasri. Það efuðust margir er ég keypti hann á sínum tíma en þetta er einstaklega hæfileikaríkur strákur sem á eftir að verða enn betri,“ sagði Wenger kátur en Nasri er búinn að skora 11 mörk í vetur.

Leikmenn Chelsea gáfu frá sér unninn leik gegn Everton með því að spila afar illa í síðari hálfleik.

Það var Jermaine Beckford sem jafnaði leikinn fjórum mínútum fyrir leikslok. Carlo Ancelotti, stjóri Chelsea, var allt annað en ánægður með sína menn eftir leikinn.

„Ég er bæði vonsvikinn og reiður og það ekki bara út af úrslitunum. Við spilðum fínan fótbolta í fyrri hálfleik en það var allt annað upp á teningnum í þeim síðari. Þá fóru menn allt í einu að beita löngum sendingum. Við vorum svolítið hræddir. Ég var ekki hrifinn af þessu,“ sagði Ancelotti og bætti við.

„Við erum að vinna í því að spila ákveðinn fótbolta og ég skil ekki hvað er að gerast hjá

**VONBRIGÐI** John Terry sneri aftur í lið Chelsea um helgina en það dugði ekki til.



**SJÓÐHEITUR** Samir Nasri skoraði tvö góð mörk um helgina og skaut Arsenal um leið á toppinn.

okkur. Við verðum að greina vandann og vinna í honum. Ég held það sé í lagi með einbeitinguna en við verðum að æfa betur. Það er ljóst.“

Carlos Tevez kom Man. City til bjargar enn eina ferðina um helg-

ina og Roberto Mancini, stjóri City, var ekki þar ánægður við sína menn. „Það má kannski segja að við höfum verið óheppnir en við verðum að bæta okkur. Stundum eru strákarnir of eigingjarnir,“ sagði Mancini.

## Stelpurnar verða tilbúnar

Íslenska kvennalandsliðið í handknattleik kom til Árósa um helgina en á morgun byrjar alvaran á EM þegar Ísland mætir Króatíu í sínum fyrsta leik. Stelpurnar áttu að spila æfingaleik gegn Spáni í gær en ekkert varð af leiknum.

**HANDBOLTI** Það er aðeins einn dagur í stóra daginn hjá kvennalandsliðinu. Á morgun verður flautað til leiks á EM í Danmörku og Ísland er meðal þátttakenda í fyrsta skipti.

Ekkert varð af æfingaleik gegn Spáni í gær þar sem spænska liðið komst ekki til Danmerkur vegna verkfalls flugvallarstarfsmanna á Spáni.

„Það var auðvitað leiðinlegt að ná ekki þessum leik. Við reyndum að redda leik gegn félagliði í Álaborg en það gekk ekki upp. Við verðum því að setja upp leik á æfingu. Það er ekkert annað að gera. Það hefði verið gott að fá þennan leik en þetta setur ekki mikið strík í undirbúninginn hjá okkur,“ segir Júlíus Jónasson landsliðsþjálfari sem var í góðu yfirlæti á hóteli íslenska liðsins þegar Fréttablaðið náði tali af honum.

„Það fer mjög vel um okkur hérna og ekki yfir neinu að kvarta. Við tókum æfingu um leið og við komum til að hrista úr okkur ferðalagið. Vorum svo með fund og hópurinn var þreyttur eftir daginn,“ segir Júlíus sem segir liðið einnig hafa farið í góðan göngutúr í íslensku jóla-veðri en það snjóaði á stelpurnar í gær.

„Við höfum reynt að hafa rólega



**KOMNAR TIL DANMERKUR** Stelpurnar okkar eru komnar til Árósa og hefja leik á EM annað kvöld.

og þægilega stemningu. Það er létt yfir stelpunum sem eru orðnar mjög spenntar fyrir því að byrja,“ segir Júlíus.

Til þess að ná því markmiði sínu að komast í milliriðil þarf íslenska liðið að vinna einn leik í riðlakeppninni. Flestir spekingar eru sammála því að besta tækifæri Íslands til þess að vinna leik sé í fyrsta leiknum gegn Króatíu á morgun. Júlíus ætlar að undir-

búa liðið afar vel fyrir þann mikilvæga leik.

„Ég á talsvert af myndefni af liðinu. Á efni frá því síðasta vor og svo fæ ég spólur með leikjum liðsins um helgina en þær spiluðu gegn Svíum. Við fáum því alveg ferskt efni og eigum að geta kortlagt þær vel fyrir leikinn. Þær verða tilbúnar í slaginn eftir það,“ segir Júlíus Jónasson landsliðsþjálfari.

henry@frettabladid.is

Birgir Leifur Hafþórsson var í næstneðsta sæti eftir fyrsta hringinn á Spáni:

## Birgir Leifur í vondum málum

**GOLF** Skagamaðurinn Birgir Leifur Hafþórsson fann sig engan veginn á fyrsta hring á lokaúr-tökumóti Evrópumótaradarinnar. Birgir Leifur lék fyrsta hringinn á 8 höggum yfir pari og var í næstneðsta sæti.

Þá voru um 8 högg í þá menn sem eru í kringum niðurskurðinn. Birgir Leifur þarf því að leika ekkert minna en stórkostlegt golf þá daga sem eftir eru til þess að komast í gegnum niðurskurðinn.

Birgir Leifur fékk skolla á fyrstu holu sem setti svolítið tóninn fyrir það sem koma skyldi. Hann fékk tvöfaldan skolla á 4. og 5. braut og skolla á þeirri sjöttu. Hann fékk aftur tvöfaldan skolla á 10. braut og tvo skolla í viðbót áður en yfir lauk. Hann náði aðeins í tvo fugla á hringnum sem taldi 80 högg.



**ERFITT** Birgir Leifur náði ekki að fylgja eftir góðri spilamennsku upp á síðasta hringinn.

Aðstæður á Spáni voru erfiðar því það var mikið frost í jörðu og það riðlaði mikið leik. Birgir Leifur náði ekki að klára nema 15 holar á laugardeginum og spilaði síðustu

þrjár í gær. Ansi margir kyllingar áttu þá eftir að klára sinn fyrsta hring og því tókst ekki að spila annan hringinn í gær.

- hbg

**JÓLAPRÝÐI**  
PÓSTSINS 2010

Jólaprýði er fallegt jólaskraut fyrir heimilið og tilvalið í jólapakkann.

**Sveinbjörg Hallgrímsdóttir** myndlistarmaður á Akureyri er höfundur jólaóróanna og jólafrímerkjana 2010.

Jólaóróarnir eru seldir 4 saman í pakka á kr. 3.100 og stakir í pakka á kr. 850.

**PÓSTURINN**  
allur pakkinn

Sólarlandferðir á ótrúlegu verði!

**Jólapakkar**  
ÚRVALS ÚTSÝNAR

Aldrei hafa jólapakkarnir verið jafn freistandi og nú!  
Spennandi ferðir í sólina á ótrúlegu verði!  
Kynntu þér hvað leynist í pökkunum á [urvalutsyn.is](http://urvalutsyn.is).

**DÆMI UM JÓLAPAKKA ÚRVALS ÚTSÝNAR:**


**KANARÍ**  
VIKA FRÁ: **79.900 kr.**

**TENERIFE**  
VIKA FRÁ: **89.900 kr.**

**ORLANDO**  
8 DAGAR FRÁ: **99.900 kr.**

**ÚRVAL-ÚTSÝN**





# MÁNUDAGUR FISKUR Í BÓNUS



**898**  
KR.kg

NF FROSNIR ÞORSKBITAR  
ROÐ OG BEINLAUSIR



**998**  
KR.kg

NÝ FERSK LÍNUÝSA ROÐ OG BEINLAUS



**698**  
KR.kg

NORÐANFISKUR: FROSN  
ÝSUFLÖK M.ROÐI OG BEINI



**698**  
KR.kg

KS FROSINN SALT FISKUR  
ÞORSKUR / STYRTLUSTYKKI



**579**  
KR.kg

NORÐANFISKUR: FRYSTAR  
STEIKTAR FISKBOLLUR



**698**  
KR.kg

FISKBÚÐIN OKKAR: FERSKAR  
STEIKTAR FISKBOLLUR



**698**  
KR.800g

BÓNUS ÝSUBITAR Í RASPI 800g  
FRYSTIVARA

## LÆGRA VÖRUVERÐ Í TUTTUGU OG EITT ÁR



**298**  
KR. 250g

ÍSLENSK HAMSATÓLG  
FRÁ ÓLAFSVÖLLUM 250g



**498**  
KR. 540g

KÚTTER JÓLASÍLD 540g



**198**  
KR. 900g

BÓNUS RÚGBRAUÐSKUBBUR  
500g



Rafræna Bónus gjafakortið er  
vinsælasta jólagjöfin í Bónus

Þú kaupir inneign að eigin vali á gjafakortið,  
kortíð er áfyllingarkort.  
Hafðu samband við skrifstofu Bónus  
og fáðu nánari upplýsingar.  
Skrifstofa Bónus er opin frá kl. 9-16  
alla virka daga.



**298**  
KR. 800g

ORA FISKIBOLLUR  
HEILDÖS 800g



**298**  
KR. 900g

BÓNUS FORSÖÐNAR  
KARTÖFLUR 900g



OS JÓLASMJÖR  
**215 KR.** 500g



## > Britney Spears

„Á hverju kvöldi verð ég að lesa í bók, svo að ég geti hætt að hugsa um allt það sem stressar mig“.

**Britney Spears er ein þeirra fjölmörgu einstaklinga sem fara með gestahlutverk í söng- og gamanþáttaröðinni Glee sem er á dagskrá Stöð 2 í kvöld.**



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ SUNNA VALGERÐARDÓTTIR HORFIR Á MINNA MAT EN ÁÐUR

# Minningar um matreiðslumeistara gærdagsins

Ég hef verið aðdáandi matreiðsluþátta í fjöldamörg ár. Ég var svolítið skotin í Nigellu Watson um stund, þó svo að mér hafi fundist hún gera aðeins of mikið af því að sleikja á sér súkkulaðihúðaða fingurna og láta áhorfendur bókstaflega líta í sinn eigin barm. Ég þekki mann sem byrjaði fyrst að elda mat á heimilinu til þess að hafa afsökun fyrir því að horfa á Nigellu á þriðjudögum. Þegar RÚV ákvað að segja dókkhærðu þokkadísinni upp, gerði maðurinn það sama við eldamennskuna á heimilinu.

Önnumatur er tekinn við af Nigellu. Anna er dönsk kona sem framreiðir mat, yfirleitt asiskan, í aflöngu eldhúsi. Fyrir það fyrsta er eitthvað sem gerir það að verkum að það er mun minna spennandi að hlusta og horfa á danskar konur búa til mat heldur en þær bresku. Í öðru lagi held ég að flestir sem eitthvað kunna fyrir sér í eldhúsinu geti gert það sem Anna gerir, og þurfa ekki myndræna sýnikennslu til þess. Mig langar aldrei að búa til neitt sem Anna býður mér upp á.

Jói Fel er skemmtilegur. Hann er með tattú, hann á stuttermaboli og svo veit ég að ef hann getur gert moðsteikt fjallalamb með rósmafini og madeira, þá get ég það líka. Hann er viðkunnganlegur náungi með finasta matarsmekk. En Jamie Oliver er farinn af sjónvarpsskjánum og mættur í hillur stórmarkaða, í formi pasta, sósa og hrísgrjóna. Jamie er rándýr og eflaust ekkert mikið betri heldur en kollegi hans Euroshopper. En í ljósvakanum var hann ókeypis og, eins og fyrrnefndur stéttarbróðir hans, skemmtilegur og með matarsmekk almennings á hreinu.

Þó þurfa aðdáendur matreiðsluþátta í íslensku sjónvarpi ekki að örvænta þó svo að Jói Fel náist ekki inn á öll heimili og Jamie Ólvier faist bara sem þurr pasta, vegna þess að Eldhús meistaranna á hinni rammislenku og ávallt ókeypis INN er sýnt á hverjum degi. Svo er það komið út á DVD svona fyrir jólin.



## SJÓNVARPIÐ

- 16.20 Maðurinn sem gatar jökla** Heimildamynd um Sigfús Johnsen prófessor og rannsóknir hans á borkjörnum úr Grænlandsjökli. (e)
- 16.50 Jóládagatalið - Jól í Snædal** (e)
- 17.20 Tákn málsfréttir**
- 17.30 Landinn** (e)
- 18.00 Franklín** (42:65)
- 18.25 Jóládagatalið - Jól í Snædal**
- 19.00 Fréttir**
- 19.30 Veðurfréttir**
- 19.35 Kastljós**
- 20.05 Eldur í jökli** Í heimildamynd þessari er fjallað bæði um gosið á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli og viðbrögð við Íslendinga við eldgosunum.
- 20.55 Á meðan ég man** (7:8) Þáttaröð gerð í tilefni af 80 ára afmæli Ríkisútvarpsins. Þessi þáttur nær yfir árin 1996-2000.
- 21.25 Jane Aamund** (Autograf: Jane Aamund) Danski sjónvarpsmaðurinn Clement Behrendt Kjersgaard ræðir við fyrrverandi blaðamanninn og almannatengilinn Jane Aamund.
- 22.00 Tíufréttir**
- 22.10 Veðurfréttir**
- 22.15 Handboltinn** Fjallað um leiki í N1-deildinni í handbolta.
- 22.40 Leitandinn** (22:22) (Legend of the Seeker) Bandarísk ævintýrþáttaröð.
- 23.25 Þýski boltinn**
- 00.20 Kastljós** (e)
- 00.45 Fréttir** (e)
- 00.55 Dagskrárlök**

## BÍÓ

- 08.00 Leonard Cohen: I'm Your Man**
- 10.00 My Blue Heaven**
- 12.00 Space Jam**
- 14.00 Leonard Cohen: I'm Your Man**
- 16.00 My Blue Heaven**
- 18.00 Space Jam**
- 20.00 The Things About My Folks**
- 22.00 Southland Tales**
- 00.35 The Nun**
- 02.15 The Butterfly Effect 2**
- 04.00 Southland Tales**

## STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2**
- 07.45 Galdrabókin** (6:24)
- 07.50 Bratz**
- 08.15 Oprah**
- 08.55 Í finu formi**
- 09.10 Bold and the Beautiful**
- 09.30 The Doctors**
- 10.15 Lie to Me** (3:22)
- 11.00 White Collar**
- 11.45 Falcon Crest** (4:28)
- 12.35 Nágrannar**
- 13.00 Frasier** (9:24)
- 13.25 Year of the Dog**
- 15.00 ET Weekend**
- 15.50 Barnatími Stöðvar 2**
- 16.40 Algjör Sveppi**
- 17.05 Bold and the Beautiful**
- 17.30 Nágrannar**
- 17.58 The Simpsons** (7:22)
- 18.23 Veður** Markaðurinn.
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.47 Íþróttir**
- 18.54 Ísland í dag**
- 19.16 Veður**
- 19.25 Two and a Half Men** (13:19)
- 19.55 How I Met Your Mother** (6:22)
- 20.25 Glee** (4:22) Önnur gamanþáttaröðin um metnaðarfullu menntaskólanemana sem halda áfram að keppast við að vinna söngkeppni á landsvísi.
- 21.15 Undercovers** (1:13) Skemmtilegir spennuþættir um Bloom-hjónin sem eru fyrrverandi CIA-njósnarar.
- 22.00 The Event** (10:13) Hörkuspennandi þættir um venjulegan, ungan mann sem lendir í skelfilegri lífsreynslu.
- 22.50 Dollhouse** (10:13) Spennuþáttaröð sem gerist í náinni framtíð þar sem skotið hafa upp kollinum undirheimafyrirtæki sem gera út sérstaka málaliða.
- 23.40 Unhitched** (6:6)
- 00.05 Modern Family** (1:22)
- 00.35 Chuck** (3:19)
- 01.20 The Shield** (12:13)
- 02.05 Year of the Dog**
- 03.40 The Tiger and the Snow**
- 05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT

- 17.30 Chevron World Challenge** Útsending frá einstöku golfmóti þar sem Tiger Woods býður sigurvegurum risamóta ársins og efstu mönnum á heimslistanum til leiks.
- 20.30 Veitt með vinum - Fluguhnýtingar** Í þessum þætti er farið yfir alla bætti fluguhnýtinga. Þetta er þáttur sem allir áhugamenn um veiði mega ekki láta fram hjá sér fara.
- 21.00 Spænsku mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrífum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
- 21.50 Til síðasta manns** (3:8) Raunveruleikaþáttaröð þar sem fylgst er með hópi ungra íþróttamanna sem sérhæfa sig í ólíkum bardagalistum.
- 22.45 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
- 23.35 Fréttarþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bak við tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu.

## SPORT 2

- 07.00 Sunderland - West Ham**
- 16.05 Birmingham - Tottenham**
- 17.50 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta fram hjá sér fara.
- 18.50 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
- 19.50 Liverpool - Aston Villa**
- 22.00 Premier League Review 2010/11**
- 23.00 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrífir krufin til mergjar.
- 23.30 Liverpool - Aston Villa**

## SKJÁR EINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist**
- 07.35 Matarklúbburinn** (4:6) (e)
- 08.00 Dr. Phil** (e)
- 08.40 Rachael Ray** (e)
- 09.25 Pepsi MAX tónlist**
- 12.00 Matarklúbburinn** (4:6) (e)
- 12.25 Pepsi MAX tónlist**
- 16.25 Game Tívi** (12:14) (e)
- 16.55 Rachael Ray**
- 17.40 Dr. Phil**
- 18.20 Spjallið með Sölva** (11:13) (e)
- 19.00 Judging Amy** (13:23)
- 19.45 Accidentally on Purpose - Lokapáttur** (18:18) (e)
- 20.10 90210** (5:22) Bandarísk þáttaröð um ástir og átök ungmenna í Beverly Hills.
- 20.55 Life Unexpected - NÝTT!** (1:13) Bandarísk þáttaröð sem vakið hefur verðskuldaða athygli. Unglingsstúlkun Lux hefur allt sitt líf flakkað á milli fósturforeldra og munaðarleysingjahæla en vegna hjartagalla hefur hún aldrei verið ættleidd. Núna sækist hún eftir sjálfraði en þarf fyrst að leita uppi raunverulega foreldra sína og fá samþykki þeirra.
- 21.45 CSI: New York** (18:23) Bandarísk sakamálaferla um Mac Taylor og félag hans.
- 22.35 Jay Leno**
- 23.20 Dexter** (4:12) (e)
- 00.10 United States of Tara** (9:12) (e)
- 00.40 The Cleaner** (7:13) (e)
- 01.25 Life Unexpected - NÝTT!** (1:13) (e)
- 02.10 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America**
- 11.10 PGA Tour Yearbooks** (8:10) (e)
- 12.10 Nedbank Challenge 2010** (4:4) (e)
- 17.10 Golfing World** (e)
- 18.00 Golfing World**
- 18.50 Nedbank Challenge 2010** (4:4) (e)
- 23.50 Golfing World** (e)
- 00.40 ESPN America**

## EXTRA

- 19.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Oprah Winfrey.
- 19.40 E.R.** (5:22) Sígidir þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago.
- 20.25 Ástríður** (1:12) Vor 2008. Jarðeðlisfræðingurinn Ástríður er nýflutt til Íslands frá Danmörku.
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2**
- 21.25 Ísland í dag**
- 21.50 Hlemmavideo** (7:12) Frábærir gamanþættir með Péttri Jóhanni Sigfússyni.
- 22.20 The Mentalist** (9:22) Þriðja serían af frumlegri spennuþáttaröð um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu.
- 23.05 Numbers** (7:16) Sjötta þáttaröðin í vönduðum spennuflokki sem fjallar um tvo ólíka bræður sem sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála.
- 23.45 Mad Men** (2:13) Þriðja þáttaröðin þar sem fylgst er með daglegum störfum og einkalífi auglýsingapésans Dons Drapers.
- 00.35 Ástríður** (1:12)
- 01.05 Spaugstofan**
- 01.30 E.R.** (5:22)
- 02.15 The Doctors**
- 02.55 Sjáðu**
- 03.25 Fréttir Stöðvar 2**
- 04.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

- 18.15 2 gestir** Karl Eski Pálsson, fréttamaður spjallar við Sigríði Huld Jónsdóttur, aðstoðarskólástjóra VMA
- 18.45 Að norðan** Með Hildu Jönu Gísladóttur.

## INN

- 20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu**
- 20.30 Nýju fötin Keisarans**
- 21.00 Frumkvöðlar**
- 21.30 Eldhús meistarana**
- 22.00 Heilsuþáttur Jóhönnu**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

- FM 88,5** XA-Radíó **FM 90,9** Gullbylgjan **FM 93,5** Rás 1 **FM 96,3** FM Suðurland **FM 97,7** X-ið **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 102,9** Lindin
- FM 90,1** Rás 2 **FM 91,9** Kaninn **FM 95,7** FM957 **FM 96,7** Létt Bylgjan **FM 98,9** Bylgjan **FM 102,2** Útvarp Latibær **FM 105,5** Útvarp Boðun

## FRÉTTIR

## VIÐSKIPTI

## ÍÞRÓTTIR

## LÍFIÐ

## UMRÆÐAN

# FÁÐU FÍNA OG FRÆGA FÓLKIÐ Í HEIMSÓKN

Meiri Vísir.

vísir.is

# FYRST TÖKUM VIÐ HEIMSBIKARINN...





Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.15  
Undercovers



Fyrsti þáttur í glænýrri spennu-þáttaröð um hjón sem kynntust þegar þau störfuðu sem nýsarnar fyrir CIA. Núna eru þau hætt í þeim hættulega bransa og reka litla veisluþjónustu en líf þeirra tekur stakkaskiptum þegar leyniþjónustan kallar þau aftur til starfa.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst 06.40 Veðurfregnir  
06.50 Bæn 07.03 Vitt og breitt 07.30 Fréttayfirlit  
08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.03 Veðurfregnir 10.13 Stefnumót 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Hádegisútvarpið 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregnir 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar 13.00 Hringrás 14.03 Bak við stjórnun 15.03 Útvarpssagan: Himnaríki og helvíti 15.25 Fólk og fræði 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Viðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Auglýsingar 18.21 Spegillinn 18.50 Veðurfregnir 18.53 Dánarfregnir 19.00 Endurómur úr Evrópu  
20.00 Leynifélagið 20.30 Kvika 21.10 Ópus 22.05 Veðurfregnir 22.10 Orð kvöldsins 22.15 Gimi, grúsk og glóriur 23.05 Lostafulli listræninginn 23.45 Málstofan 00.05 Næturónan

BBC entertainment

12.30 The Weakest Link 13.15 Deal or No Deal  
13.55 Monarch of the Glen 14.45 'Allo 'Allo!  
15.15 'Allo 'Allo! 15.45 Only Fools and Horses  
16.15 Hustle 17.10 The Weakest Link 17.55 Deal or No Deal 18.30 Only Fools and Horses 19.00 Keeping Up Appearances 19.30 Gavin & Stacey  
20.00 After You've Gone 20.30 Waking the Dead  
21.20 Whose Line Is It Anyway? 21.45 Keeping Up Appearances 22.15 Gavin & Stacey 22.45 After You've Gone 23.15 EastEnders 23.45 Monarch of the Glen

DR 1

12.20 OBS 12.30 Grøn glæde 12.55 En ugander i sneen 13.00 Kender du typen 13.30 Det søde liv 14.00 DR Update - nyheder og vejr 14.10 Boogie Mix 15.00 Hjerteflimmer Classic 15.30 Absalons Hemmelighed 15.50 Nik & Jan 16.00 Svampebob Firkant 16.25 Cowboy, indianer og hest 16.30 Sebastians jul 16.40 Garfield 16.55 Fup og Svindel 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 18.00 Aftenshowet 2. del 18.30 Absalons Hemmelighed 19.00 Supersværme 20.00 TV Avisen 20.25 Horisont 20.50 SportNyt 21.00 Manet Halls hemmelighed 22.30 OBS 22.35 De forladte børn 23.30 Naruto Uncut 23.55 Boogie Mix

NRK 1

12.10 Takk for sist 12.50 Klasse 10 B 13.30 Det søte liv 14.00 NRK nyheter 14.10 Poirot 15.00 Ut i nærturen 15.15 Hjärte i Afrika 16.00 NRK nyheter 16.10 Hjemme hos Bye & Rønning 16.40 Oddasat - nyheter på samisk 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Jul på Månetoppen 17.30 Filmavisen 1960 17.40 Distriktnyheter 18.45 Puls 19.45 Muntre glimt fra "Smil til the skjulte kamera" 19.55 Distriktnyheter 20.30 Borgen 21.30 Fredsprisvinneren 2010 - Liu Xiaobo 22.00 Kveldsnytt 22.15 Lewis 23.50 Nytt på nytt

SVT 1

12.20 Tillfallets hjältar 13.15 Nattvardsgästerna 14.35 Hannah Montana 15.00 Rapport 15.05 Gomorron Sverige 15.55 Livet på landet 16.25 Robins 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport med A-ekonomi 17.10 Regionala nyheter 17.15 Fråga doktorn 17.45 Julkalendern 18.00 Kulturmyheterna 18.15 Regionala nyheter 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Ung & bortskämd 20.00 Våra vänner liv 21.00 Grottesco 21.30 Bakhåll 23.30 Min jul 23.35 The Event



# Gerðu jólin notaðlegri

## með ómótstæðilegri jóladagskrá

Heitt kakó, smákökur, kerti og spil eru ómissandi hluti af dagskrá jólnanna rétt eins og sígildar jólamyndir í bland við það nýjasta og ferska á Stöð 2. Styttum biðina fyrir þau yngstu með vonduðu talsettu barnaefni, upplifum hátíðlega tónleika og hjúfrum okkur öll saman undir hlýju teppi og njótum þeirra 20 frábæru kvikmynda sem eru á dagskrá í desember á Stöð 2 og Stöð 2 Bió.

FRUMSÝNUM YFIR 20 STÓRMYNDIR  
VANDAÐ TALSETT BARNAEFNI

ÓMISSANDI ÞÆTTIR OG KVIKMYNDIR  
HÁTÍÐLEGIR JÓLATÓNLEIKAR



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

512 5100 | STOD2.IS | VERLANIR VODAFONE | VERLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SIMANS 800 7000

## SVO TÖKUM VIÐ HM Í SVÍÞJÓÐ!

Undirbúningur strákanna okkar fyrir HM í handbolta nær hámarki á Heimsbikarmótinu á þriðjudag og miðvikudag.

Sjáðu alla leikina í beinni á Stöð 2 Sport. Þorsteinn Joð hitar upp fyrir útsendingu og býður upp á skorinorða umfjöllun eftir leik.



Á þriðjudag

16:55 Upphitun með Þorsteini Joð  
17:20 Danmörk – Noregur  
19:20 Svíþjóð – Ísland

Á miðvikudag

16:55 Upphitun með Þorsteini Joð  
17:20 Ísland – Noregur / Danmörk  
19:20 Svíþjóð – Danmörk / Noregur



ÞRIÐJUDAGUR  
19:20 SVÍÞJÓÐ - ÍSLAND  
MIÐVIKUDAGUR  
17:20 ÍSLAND - NOREGUR/DANMÖRK

ÁFRAM ÍSLAND!





„Ég horfi aldrei á sjónvarp, það drepur.“

Axel „Flex“ Arnason upptökstjóri.

# 30 erlend forlög bítast um bók Óskars

„Ég held að það hljóti að vera einsdæmi að svo margir sýni frumraun íslensks höfundar slíkan áhuga,“ segir Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins.

Fyrsta bók blaðamannsins Óskars Hrafn Þorvaldssonar, Martröð millanna, vakti mikinn áhuga á bókamessunni í Frankfurt á dögunum. Svo mikinn að Egill og hans fólk hafði vart undan að svara fyrirspurnum áhugasamra bókaforlaga sem vilja gefa bókina út. „Alls eru þetta þrjátíu erlendir útgefendur sem eru með bókina undir smásjóni. Það stefnir í stórt og mikið uppboð á Martröðinni,“ segir Egill Örn.

Egill segir að fyrst og fremst sé um útgefendur í Evrópu að ræða. „Þjóðverjar hafa mikinn áhuga enda verður Ísland í fókuspunkti

á bókamessunni í Frankfurt á næsta ári. Það hjálpar allri réttindasölu,“ segir Egill.

Af hverju eru erlend forlög svona spennit fyrir bók Óskars?

„Erlendir útgefendur hafa áhuga á því sem gerðist á Íslandi og hafa verið að leita að krimma sem fjallar um þetta tímabil. Bók Óskars fjallar um lifnað útrásarvíkinga og fleira áhugavert og virðist vera það sem margir þeirra voru að leita að.“

„Það er frábært að heyra af þessum áhuga, sérstaklega miðað við að maður er alveg óþekktur höfundur,“ sagði Óskar Hrafn í samtali við Fréttablaðið. „Ég er nú ekkert að fara að opna kampavinið strax, enn sem komið er þá er þetta bara áhugi. En ofboðslega ánægjulegur áhugi.“



NÝLIÐI SLÆR Í GEGN Erlendir bókaútgefendur bítast um fyrstu bók Óskars Hrafn Þorvaldssonar.

**Full búð af jólagjöfum!**

Þú færð ótrúlega mikið af flottum jólagjöfum í Intersport. Gefðu góða gjöf sem gleður og veitir hlýju og yl í vetur. Sjáumst í Intersport!

**6.990**

**CÉBÉ OTG**  
Skíagleraugu. Hægt að nota yfir venjuleg gleraugu.

**11.990**

**TECHNO PRO SAFINE**  
Skíahjálmur. Dömustærðir.

**MCKINLEY JACKIE SKI JACKET**  
Skíðajakki úr EXODUS útvistarefni sem er vindhelt, með 10.000 mm vatnsheldni og góða öndunareiginleika. Litir: Hvítur, svartur. Dömustærðir.

**24.990**

Fyrir hana

**INTERSPORT**

## HAFLIÐI KRISTINSSON: EIN ATHUGASEMD GETUR VALDIÐ MISSKILNINGI

# Gamlar glæður valda vandræðum á Facebook

„Jú, ég hef heyrt það á mínu fólk að Facebook og þessi netsamskipti hafi valdið því að slitnað hafi upp úr samböndum,“ segir Brynjar Níelsson, formaður Lögmannafélags Íslands. Samkvæmt könnun meðal bandarískra skilnaðarlögfræðinga er hægt að rekja fimmting allra skilnaða beint til Facebook- og Twitter-notkunar. Þetta eru samþærilegar niðurstöður og fengust í breskri könnun nýverið.

Þeir skilnaðarlögfræðingar sem Fréttablaðið ræddi við höfðu vissulega heyrt af Facebook-vandræðum í hjónaböndum og samböndum en voru ekki reiðubúnir til að kvitta upp á neina tölfræði í þeim efnum. Einn reyndur skilnaðarlögfræðingur sem vildi ekki koma fram undir nafni sagðist hafa komið að skilnaði þar sem Facebook var beinilínis nefnd sem meginorsök. Umræddur lögfræðingur sagði að sér virtist sem fólk átti sig ekki nægilega á Fésbókinni, að efnið sé þar fyrir allra augum. Jafnframt sagði hann að þess séu dæmi að Fésbókin sé notuð þegar fólk standi í skilnaði. Þá komi annar aðilinn til að mynda með útprent af síðunni þar sem sýnt er fram á að hinn aðilinn hafi ekki verið allur þar sem hann er séður.

Haflíði Kristinsson, fjölskyldu- og hjónabandsráðgjafi, hefur hins vegar oft heyrt minnst á samskiptavefinn Facebook í samtölum sínum við skjólstaðinga. „Ég veit ekki hvort það er hægt að segja Facebook ábyrga fyrir skilnaði og sambandslitum en hún er vissulega áhrifavaldur,“ segir Haflíði og nefnir þar sérstaklega sambönd sem ekki eru komin langt á veg. „Yfirleitt eru það gamlar kærustur eða gamlir kærastar sem valda óöryggi hjá hinum aðilanum og



### VANDRÆÐI Í PARADÍS

Samskiptasiðan Facebook getur valdið töluverðum vandræðum í samböndum og dæmi eru um að upp úr hjónaböndum hafi slitnað sökum hennar. **Haflíði Kristinsson**, fjölskyldu- og hjónabandsráðgjafi segir það kannski einna helst gamlar ástir sem séu eitru í beinum makans. **Vigfús Arnason** þekkir dæmi um skilnaði sem rekja megi beint til netnotkunar.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

fólk veit ekki alveg hver tengslin eru við fortíðina,“ segir Haflíði og bætir því jafnframt við að rótgróin sambönd séu ekkert síður í hættu.

Haflíði bendir á að Facebook sé tiltölulega nýtt samskiptaform og að hún hafi eiginlega opnað sambandið upp á gátt. Allt sé opið fyrir allra augum og vinabeiðni eða athugasemd geti valdið misskilningi. „Fólk á kannski að fara yfir vinalópin og semja umferðar-

reglurnar saman,“ segir Haflíði. Vigfús Arnason, prestur í Grafarvogskirkju, segir að netið í heild, hafi haft mikil áhrif og hann viti um skilnaði sem megi rekja beint til netnotkunar. „Makinn hefur kannski opnað tölvuna, rekist þar á mjög nán samtöl hins aðilans við einhvern utanaðkomandi og þá hefur allt sprungið,“ segir Vigfús en áréttar að netið sé yfirleitt bara kornið sem fyllir mælinn.

freyrgigja@frettabladid.is

★★★★★

„Bráðskemmtilegur aldarspegill ...“

AGNES BRAGADÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

JPV ÚTGÁFA  
www.forlagid.is

Árni Bergmann skráir eftirminnilega sögu Gunnars Eyjólfssonar.

**ALVARA LEIKSINS**  
EFTIR GUNNAR EYJÓLFSSONAR  
ÁRNI BERGMANN

„Hádramatísk ævisaga, skemmtileg aflestrar.“  
KOLBRÚN BERGPÓRSDÓTTIR / KILJAN

# Ástin er bara í myndböndunum

Anna Þóra Alfreðsdóttir, fyrirsæta hjá Eskimo, lék nýverið í tónlistarmyndbandi við nýtt jólaglag hinnar vinsælu hljómsveitar Hurts. Þetta er í annað sinn sem Anna Þóra leikur í myndbandi með hljómsveitinni en í bæði skiptin leikur hún stúlkuna sem söngvari hljómsveitarinnar, Theo Hutchcraft, er hugfanginn af.

Myndbandið var tekið upp í gömlum kirkjugarði í norðurhluta London og fóru tókur allar fram á einum degi. „Við byrjuðum eldsnemma um morguninn og unnum langt fram á kvöld. Það var mikil pressa á að ná öllum skotunum áður en það fór að dimma. Það var samt mikil stemning og ég held að allir hafi komist í jólasþap,“ segir Anna Þóra.

Þetta er í annað sinn sem Anna Þóra leikur stúlkuna sem söngvarinn er ástfanginn af en hún segir svo ekki vera í raunveruleikanum. „Ég hef heyrt einhverjar sögusagnir um það að við séum par, en nei, við erum ekki saman. Það er samt svolítið fyndið að heyra svoleiðis sögur úti í bæ,“ segir hún.

Innt eftir því hvort hún muni leika í fleiri myndböndum hljómsveitarinnar segir hún ekkert ákveðið um það að svo stöddu. „Það var mjög kalt þegar við tókum upp bæði þetta og fyrra myndbandið og strákarnir voru eitthvað að grínast með að næst myndu þeir passa upp á að tókur færu fram á hlýj-



JÓLASTÚLKA Anna Þóra Alfreðsdóttir fyrirsæta lék í tónlistarmyndbandi við nýtt jólaglag hljómsveitarinnar Hurts.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

um stað þannig það er aldrei að vita. Ég myndi í það minnsta taka því fagnandi,“ segir hún hlæjandi.

Hægt er að horfa á myndbandið á heimasíðu hljómsveitarinnar [www.informationhurts.com](http://www.informationhurts.com). - sm





### Jólatilboð Borgarleikhússins

# Gjafakort

## Borgarleikhússins

Gefðu töfrandi stundir í jólapakkann. Gjafakortið er í fallegum umbúðum, gildir á sýningu að eigin vali og rennur aldrei út.



#### Tveggja tíma hláturskast

(frumsýnt í febrúar)

Tveir miðar á drepfyndinn gamanleik á aðeins

**6.500 kr.**



#### Fyrir yngstu börnin

(frumsýnt í mars)

Tveir miðar á ljóslifandi ævintýrasýningu á aðeins

**3.300 kr.**

**Gjöf sem aldrei gleymist!**

Listabraut 3 | 568 8000 | borgarleikhus.is



**Borgarleikhúsið**





Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is  
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Flottasta skeggið

Tónlistarmaðurinn **Davíð Berndsen** hefur vakið eftirtekt síðustu misseri. Ekki bara hefur hann sent frá sér vinsæl lög heldur er eftir honum tekið á götu; maðurinn er nú með eldrautt hár og alskegg í stíl. Nú er svo komið að útlit Berndsens er farið að vekja athygli út fyrir landsteinana. Á þýsku vefsíðunni Gig-blog.net er hann sagður vera með flottasta skeggið í tónlistarbransanum, hvorki meira né minna. Samkvæmt síðunni er Berndsen flottari en tónlistarmenn úr hljómsveitum á borð við Archie Bronson Outfit og The Amplifettes. Meira að segja hjartaknúsarinn með barítónróddina úr hljómsveitinni The Natinal, Matt Berninger, verður að lúta í lægra haldi fyrir kyntröllinu Davíð Berndsen.



- hdm

### Vigdís áhrifamest

**Vigdís Finnbogadóttir**, fyrrverandi forseti, var áhrifamesta kona landsins í janúarlök árið 2007, að mati Carol van Voorst, þáverandi sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi. Þetta er á meðal þess sem fram kemur í bréfi sem Voorst sendi bandaríska utanríkisráðuneytinu í Washington og lekasíðan Wikileaks hefur undir höndum. Aðrar konur á listanum eru í eftirfarandi röð á eftir Vigdísi: Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrverandi varaformaður Sjálfstæðisflokksins og fyrrverandi menntamálaráðherra; Rannveig Rist, forstjóri Rio Tinto Alcan á Íslandi; Valgerður Sverrisdóttir, framsóknarkona og þá utanríkisráðherra; og Halla Tómasdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands, nú stjórnarformaður Auðar Capital.



### Mest lesið **VÍSIR.IS**

- 1 Wikileaks: Ragna var alvörugefinn embættismaður
- 2 „Það væri gaman að tala í talstöð en ég bara get það ekki“
- 3 Tilraun til heilaþvottar
- 4 Vann 11 milljónir í lottóinu
- 5 Unglingapartí fór úr böndunum

# Jólin..

## Full búð af jólatilboðum

Sendum frítt út á land!  
- betrabak.is

### Heilsuinniskór

Innskór sem laga sig að fætinum og dreifa þyngd jafnt undir allt fótasvæðið.

Parið kr. 3.900,-  
2 pör kr. 6.980,-  
3 pör kr. 9.990,-

### Chiro Standard

Vandað heilsurúm með fimm svæðaskiptu gormakerfi, val um þrjá líti á botni.

Jólatilboð aðeins kr. 198.900 160x200

### TEMPUR Stillanleg heilsurúm

Ný sending - betra verð. Eitt mesta úrval landsins!

Frábær jólatilboð Verð frá kr. 524.860,- 2x90x200

### TempuraKON® Dúnsokkar

Outlast hjájöfnunarefnið sér til þess að þér er hvorki of heitt né kalt! Ótrúlega vinsæl jólagjöf!

kr. 5.990,- Nýr litur

### TempuraKON® Hitajöfnunarsængin

Outlast hjájöfnunarefnið sér til þess að þér er hvorki of heitt né kalt! 100% hreinn gæsadúnn.

Jólatilboð aðeins kr. 29.900,-

# Betra BAK

www.betrabak.is  
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477  
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566  
Opíð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

# Office1

## Fyrirtækjþjónusta

# ÓDÝR

## REKSTRARVARA

Hringdu í fyrirtækjþjónustu Office1 og lækkaðu rekstrarkostnað fyrirtækisins.

# PÖNTUNARSÍMI 550 4111

Fyrirtækjþjónustan er opin 8 - 17  
pontun@office1.is  
www.office1.is